



Pau sem eiga erindi til og frá Norræna húsinu í Vatnsmýrinni hafa saman troðið í snjóinn greiðfæran göngustíg í átt að Hringbrautinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vissi ekkert um Pelé en fékk samt eiginhandaráritun



Fimmtug og býður í fiskisúpu



Rukkar þegar húmorinn virkar



Bílstjórinn er með stöðu sakbornings

odduraevar@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rútibílstjóri hjá Hópbílum sem virti ekki lokanir í tvígang í Mýrdalshreppi á jóladag er nú með stöðu sakbornings. Þetta staðfestir Oddur Árnason, yfirlög-regluþjónn á Suðurlandi.

Forsvarsmenn Hópbíla hafa sagt að rútibílstjórinn og leiðsögu-maður hafi ekki séð merki um lok-anir á veginum. Jón Hermannsson aðgerðastjóri björgunarsveita á Suðurlandi, segist þó hafa orðið vitni að því er lögreglan hringdi í bílstjórann og sagði honum að snúa við. Hann hafi auk þess verið varaður við á Seljalandsfossi.

„Ef allt er rétt í blaðagreinum sem ég hef lesið, þá hafa forsvarsmenn Hópbíla orðið margsaga,“ segir Jón. ■

Nánar á [frettabladid.is](#)

Þórólfur vitni í máli Decode

Aðalmeðferð í dómsmáli Íslenskrar erfðagreiningar gegn Persónuvernd verður 6. febrúar. Þórólfur Guðna-son, fyrrverandi sóttvarna-læknir, er á vitnalistanum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÓMSMÁL Þórólfur Guðnason, fyrrverandi sóttvarnalæknir, er einn af þeim sem munu bera vitni í einkamáli Íslenskrar erfðagreiningar (Decode) gegn Persónuvernd og Landspítalanum. Líklega mun Kári Stefánsson, forstjóri ÍE, einnig vitna í málinu sem og fleiri læknar og starfsmenn vísindasíðanefndar.

Fréttablaðið greindi frá því í nóvember að Decode hefði stefnt ríkisstofnununum tveimur vegna úrskurðar Persónuverndar í tengslum við vísindarannsóknir á Covid-sjúklingum í nóvember 2021. Það er að öflun samþykkis sjúklinga fyrir



Málið er mjög umfangsmikið og dómari bað lögmenn að halda sig við ágrein-ingsefnin.

notkun blóðsýna í þágu rannsóknar hefði ekki samrýmt persónuvernd-arlögum. Kári gagnrýndi úrskurð-inn harðlega á sínum tíma og sagði það mikla hagsmuni fyrirtækisins að hann stæði ekki óbreyttur.

Í fyrirtöku málsins í Héraðs-dómi Reykjavíkur í gær kom fram að málið væri mjög umfangsmikið og að fyrir lægju langar og ítar-



Þórólfur Guðnason, fyrr-verandi sótt-varnalæknir

legar greinargerðir. Bað Ástráður Haraldsson dómari lögmennina að passa upp á að halda sig við ágrein-ingsefni málsins því hætt væri við því að málið myndi dragast á lang-inn.

Hlynur Halldórsson, lögmaður Decode, sagði málið fyrst og fremst snúast um hvernig ákvarðanatöku Persónuverndar var háttað og hvað stofnunin rannsakaði ekki í aðdrag-anda úrskurðarins.

Aðalmeðferð málsins fer fram 6. febrúar í stærsta sal Héraðsdóms Reykjavíkur. ■



Jón Ólafsson býður stjórnunum upp á íslenskt vatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.

Drekka vatn Jóns á Golden Globes

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Icelandic Glacial, fyrirtæki Jóns Ólafssonar, mun veita vatnið á Golden Globes-hátíðinni sem fram fer miðvikudaginn 11. janúar. Munu bæði hinir tilnefndu og aðrir gestir dreyfa á vatninu sem kemur úr Ölfusi.

Þetta er í annað skiptið sem Icelandic Glacial er í samstarfi við hátíðina, og hefði verið í þriðja skiptið ef hátíðinni hefði ekki verið „slaufað“ í fyrra. En hátíðin hafði hlotið mikla gagnrýni frá konum og minnihlutahópum, meðal annars vegna samsetningar dómnefndar. Nú hafa hins vegar verið gerðar miklar breytingar á skipulagi hátíðarinnar og verður henni sjónvarpað á nýjan leik. ■

Leiðarljós í landi



Í gegn um aldir hefur verið sjófarendum mikilvægt að hafa kennileiti til að styðjast við á för sinni. Vitinn við Skarfabakka í Reykjavík er einn hundraða ljósvita landsins sem vísa áhöfnum örugga leið í höfn og í faðm ástvina sinna og ættingja. Vitar eru ekki síst mikilvægir í skammdegi vetrarins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Finni skotfélögum á hrakhólum svæði

gar@frettabladid.is

REYKJAVÍK Finna á nýtt svæði „utan alfaraleiða og fjarri byggð“ fyrir skotfélögin tvö í Reykjavík eftir að þau misstu aðstöðu sína á Álfsnesi.

Borgarráð ákvað í gær að skipa starfshóp sem gera á tillögu um lausn fyrir 1. apríl.

„Ekki hefur verið sátt um staðsetningu skotvallanna og hafa íbúar verið ósáttir og kvartað undan hávaðamengun og jarðvegsmengun,“ segir í bréfi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, sagði mikilvægt að finna lausn sem sátti yrdi um.

„Ef kalla á til sérfræðinga þarf að vanda val þeirra vel, þannig að þeir gangi ekki aðeins erinda áhuga-



Skotæfing á Álfsnesi.

MYND/JÓN MÝRDAL

manna um skotveiði. Erfitt getur reynst að finna svæði í Reykjavík þar sem ekkert mannlíf er í nágrenninu og þar sem blýmengun veldur ekki skaða og/eða þar sem skotæfingar skaða ekki náttúru,“ bókaði Kolbrún. ■

Sigrún Ósk á forsíðu bókar um Íslandsheimsókn Pelé

Einn besti knattspyrnumaður allra tíma, Brasilíumaðurinn Pelé, var borinn til grafar í vikunni. Hann kom til Íslands árið 1991 og var gefin út bók í kjölfar heimsóknar hans. Á kápu bókarinnar má sjá sjónvarpskonuna Sigrúnu Ósk Kristjánsdóttur.

benediktboas@frettabladid.is

FÓLK „Undir hökunnni á mér er Jóhannes Karl og guttinn með ÍA-bandið er Garðar Gunnlaugsson,“ segir Sigrún Ósk Kristjánsdóttir fjölmiðlakona en á forsíðu bókar um heimsókn Pelé til Íslands frá 1991, Svörtu Perlunni, er mynd frá komu hans til Akraness.

Þar er Sigrún Ósk áberandi fyrir aftan knattspyrnugóðið sem var lagt til hinstu hvílu í vikunni. Einnig er á myndinni Jóhannes Karl Guðjónsson, aðstoðarlandsliðsþjálfari og fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, sem og markahrókurinn mikli Garðar Gunnlaugsson ásamt fleiri krökkum frá Akranesi.

„Það fyndna er að ég gat ekki nefnt einn frægan fótboltamann á þessum tíma. Ekki til að bjarga lífi mínu. En ég frétti að það væri einhver þekktur á leiðinni í bæinn og ég var að safna eiginhandararitunum af miklum móð á þessum tíma. Þannig að ég lét mig ekki vanta,“ segir hún og skellir upp úr.

Sigrúnu langaði svo mikið að fá áritun í safnið sitt að hún fékk þá fyrstu í heimsókn Pelé til Akraness. Eitthvað sem hún var mjög stolt af.

„Hann bættist í hóp með Bubba, Kim Larsen, Magnúsi Ver og síðast



Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona er á mynd á kápu bókarinnar um Pelé sem gefin var út árið 1991. MYND/STÖÐ2

en ekki síst – og nú má spenna beltin, Össuri Skarphéðins-syni! Þetta er alvöru hópur,“ segir Sigrún og getur varla hætt að hlæja.

„Ég gaf reyndar bróður mínum áritunina einhvern tímann þegar ég var í spariskapi,“ segir hún, enn þá örlítið svekkt yfir góðmennsku sinni.

„Ég man það vel að Pelé hafði góða áru yfir sér. Hann var rosalega glaður og almennilegur, engir stælar. Seinna neyddist ég auðvitað til að lesa þessa bók þar sem ég hafði rambað á forsíðuna og ég var alveg smá svekkt að hafa ekki vitað meira um líf hans þegar ég hitti hann. Ég sá það að hann hefði alveg átt inni fyrir stælum, saga hans er náttúrulega einstök,“ segir hún.

„Hún er þó til hjá ömmu. Ég hef ekki gerst svo fræg að eignast hana sjálf. En synir mínir, sem eru níu og tólf ára, vita allt um Pelé sem sýnir hvað hann er enn þá stór karakter hjá fótboltaguttum í dag,“ segir forsíðufyrirsætan Sigrún Ósk. ■

MARINE COLLAGEN

Kollagen er eitt helsta uppbyggjngarprótein líkamans. Kollagen er að finna í öllum liðum, liðamótum, vöðvum, sinum og beinum mannlíkamans.



Arctic Star Marine Collagen inniheldur íslensk sæbjúgu, kollagen úr þorskroði og C vítamíni.

C vítamín er þekkt fyrir:

- Stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir starfsemi brjósks, beina og húðar.
- Stuðlar að eðlilegri starfsemi tauga-kerfisins og ónæmiskerfisins.
- Stuðlar að því að verja frumur fyrir oxunarálagi og draga úr þreytu og lúa.
- Stuðlar að endurnýjun afoxaðs forms E-vítamíns og auka upptöku járns.
- Stuðlar að eðlilegum orkugæfum efnaskiptum.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,

Framleiðandi er Arctic Star ehf.

Allar nánari upplýsingar fast á

www.arcticstar.is

Arctic Star Marine Collagen

Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum,

Hagkaupum, Fjarðakaup og Heimkaup.is



info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

ÚTSALA

Köttum niður verðið



Allar flísar

30-45%

Plastbox og hillurekkar

20-25%

Öll blöndunartæki

25%

Öll búshöld

20-30%

Öll verkfæri

20-30%

Allt jólas kraut og séríur

30-50%

Allt parket

25-50%

30%

A++

eta

Þvottavél

Kolalaus mótör, tekur 8 kg af þvotti, 1400 sn., með 15 þvottakerfum, þar á meðal íþrótta- og ofnæmis prógramm. 1853100

54.990 kr
~~84.990~~ kr



27%

HIKOKI

Borvél 18V
Tvær rafhlöður 2.0Ah, 20 skrúf- og borstillingar 13 mm patróna, Led ljós, taska. 5246776

18.995 kr
~~25.990~~ kr




50%

Græn vara

Harðparket
Colorado, eik, 8 mm, 4V. 147124

2.975 kr/m²
~~5.950~~ kr/m²



25%

SAFETY JOGGER
SAFETY SHOES

Öryggisskór

Uppháir S3, svartir, stærð: 39-48, 5859947-5859952, 5863034-5863037

7.163 kr
~~9.550~~ kr



175 kg
HVER HILLA

20%

AVASCO

Hillurekki
Stærð: 180x90x45 cm, 5 hillur, hver hilla ber 175 kg. 5803673

7.484 kr
~~9.355~~ kr



30%

orthex
Plastbox

44 ltr., ytra mál: 58x39x30 cm. Innra mál: 46,6x26,6x 27,1 cm. 2007616

2.181 kr
~~3.115~~ kr



Skoðaðu útsölublaðið



Úkraína hafnar vopnahléi Pútíns

kristinnpall@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Yfirvöld í Úkraínu gáfu í gær litið fyrir ósk Vladímírs Pútíns, forseta Rússlands, um 36 tíma vopnahlé sem hefjist í hádeginu í dag til að Rússar geti haldið jól.

Mykhailo Podolyak, ráðgjafi Volodímír Zelenskíj, forseta Úkraínu, sagði Rússa fyrst þurfa að skila hernumdum svæðum til Úkraínu.

Fyrir um daginn lýsti Pútín áhuga á friðarviðræðum í samtali við forseta Tyrklands, Recep Tayyip Erdoğan, en Podolyak hafnaði þeirri hugmynd. ■



Kjúklinga-, svína- og eggjarækt er talin verksmiðjubúskapur.

Hækka verðið þrátt fyrir styrki

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Matvælaráðuneytið tilkynnti í vikunni að á grundvelli tillagna spretthóps um stuðning við matvælaframleiðslu myndi það greiða samtals 450 milljónir króna til bágreina sem ekki njóta framleiðslu-stuðnings samkvæmt búvörusamningum vegna kostnaðarhækkana við fóðuröflun.

Hér er um að ræða verksmiðjuframleiðslu á svína- og alifuglakjöti og eggjum. 225 milljónir renna til svínakjötsframleiðslu, 160 milljónir til framleiðenda alifuglakjöts og 65 milljónir til eggjaframleiðenda.

Þessir sömu framleiðendur hafa nú í kringum áramótin tilkynnt hækkanir á heildsöluverði á bilinu 3,4 til 8 prósent samkvæmt gögnum sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í gær óskuðu VR, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, Rafiðnæðarsambandið og Félag atvinnurekenda saman eftir fundi með Svandís Svavarsdóttur matvælaráðherra og Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra til að ræða lækkun og niðurfellingu tolla í þágu neytenda.

Sérstaklega er bent á að ræða þurfi framkvæmd á útboðum tollakvóta út frá hagsmunum neytenda. ■

Segir varnarsamninginn við Ísland verða efndan

helgisteinar@frettabladid.is

ÖRYGGISMÁL Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra Íslands í Rússlandi, segir enga þörf á verulegum breytingum á öryggismálum Íslands.

Þetta kemur fram á vefsíðu Alberts sem kveður litlar líkur á því að stríðið í Úkraínu stigmagnist í stríð milli NATO og Rússlands.

Albert segir að rússneskar herflugvélar, sem rufu oft flughelgi Íslands fyrir nokkrum árum, hafi ekki látið sjá sig í tvö og hálft ár. Hernaðarmáttur Rússa á megin-

landinu hafi minnkað töluvert vegna stríðsins og að það muni taka mörg ár að endurreisa hann.

„NATO-ríkin hafa einungis tekið sig á í varnarmálum eftir margra áratuga vanrækslu og leggja nú meira fé af mörkum til landvarna. Finnland og Svíþjóð virðast vera einu ríkin sem hafa endurmetið varnarhagsmuni sína,“ skrifar Albert. Varnir Íslands byggist aðallega á varnarsamningnum við Bandaríkin. Langöflugasta herveldi heims muni standa við skuldbindingar gagnvart Íslandi á hættutímum. ■



Frá stórrí heræfingu sem fram fór í Hvalfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Fór á bráðamóttöku vegna hjartaverks og lést úr hjartaáfalli rétt eftir útskrift

Mikilvægt er að sögn formanns Hjartaheilla að fólk með grun um hjartabilun fái meðhöndlun sem útiloki vafa. Landlæknir og lögregla rannsaka andlát sjúklings.

bth@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Maður sem lést á heimili sínu skömmu eftir að hann var útskrifaður af bráðamóttöku Landspítalans milli jóla og nýárs leitaði á móttökuna vegna verks fyrir hjarta. Dánarmein hans var hjartaáfall.

Andri Ólafsson, sem sér um fjölmiðlasamskipti fyrir Landspítalan, segir spítalanum óheimilt að tjá sig um einstök mál. Nánari upplýsingar en þegar hafi komið fram verði ekki gefnar út fyrir en að lokinni rannsókn. Málið hafi strax verið tilkynnt til Landlæknis og lögreglu í samræmi við verklagsreglur.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ekki sé augljóst að sambengi hafi verið á milli afdrifa mannsins og álags á bráðamóttökuna þótt getum hafi verið leitt að slíku í fjölmiðlum. Ef andlát verður hjá sjúklingi skömmu eftir að hann er útskrifaður fer ákveðið rannsóknarferli sjálfkrafa af stað.

„Annað hvort var allt gert sem hægt var að gera á bráðamóttökunni og óhappatilviljun hefur ráðið för eða þá að um grafalvarlegt mál er að ræða,“ segir sérfræðingur sem kys nafnleynd. „Það er vonlaust að spá fyrir um það á þessari stundu á hvorn bóginn niðurstaðan verður.“

Maðurinn var innan við sextugt



Rannsókn er hafin á því hvers vegna maður sem leitaði á bráðamóttöku Landspítala vegna gruns um hjartabilun var sendur heim að lokinni skoðun. Hann lést úr hjartaáfalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Ef menn eru með grunsemdir um að þeir séu með hjartaáfall þá er mikilvægt að þeir séu ekki sendir heim heldur að hjartalæknir sé kallaður til.



Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla

er hann lést. Málið er rannsakað sem alvarlegt atvik. Fréttastofa Ríkisútvarpsins sagði fyrst frá og hefur komið fram að maðurinn hafi áður verið hraustur. Hann hafi gengist undir skoðun og rannsóknir áður en hann var sendur heim.

Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla, þekkir ekki sérstaklega til þessa tiltekna máls. Hann segir almennt mjög mikilvægt að heilbrigðisstarfsfólk taki því alvarlega ef fólk finnur fyrir verk sem það tengir hugsanlega við hjartabilun.

„Það má ekki taka einkenni vegna hjartaverkja sem léttvæg,“ segir Sveinn. Hann nefnir verk út í bak, öxl eða jafnvel kjálka sem dæmi um einkenni sem þó séu ólík eftir kynjum

„Ef menn eru með grun-

semdir um að þeir séu með hjartaáfall þá er mikilvægt að þeir séu ekki sendir heim heldur að hjartalæknir sé kallaður til. Ef ekki hefur verið tekið hjartalínurit þá er það mjög alvarlegt,“ segir Sveinn.

Annar hver Íslendingur deyr úr hjartasjúkdómi.

„Við erum að reyna að senda út þau skilaboð að þú átt alltaf að leita þér aðstoðar,“ segir Sveinn.

„Sá sem heyrir aukahljóð í bílnum fer með bílinn á verkstæði. Það þarf ekki að nefna að þá er miklu ríkari ástæða til að fara til læknis ef eitthvað breytist skyndilega. Þá er mikilvægt að gengið sé úr skugga um að allt sé í lagi.“

Fréttablaðið sendi fyrirspurn á Embætti landlæknis og reyndi að auki að ná tali af aðstoðarmanni landlæknis en án árangurs. ■

„Hægt og rólega fann maður sjálfstraustið aukast“


„Ég mæli eindregið með Dale Carnegie. Æfingarnar sem notaðar voru á námskeiðinu voru mjög krefjandi en hægt og rólega fann maður sjálfsöryggið aukast“

- Viktor Gísli Hallgrímsson



Dale Carnegie hjálpar þér að leysa út læðingi orkuna sem í þér býr og gefur hugsunum þínum vængi. Sjáðu dagsetningar og upplýsingar um öll námskeið á dale.is





KOMU VÍÐA VIÐ SÖGU Á ÁRINU

Útskrifaðir nemendur Kvikmyndaskólans voru þátttakendur í öllum helstu verkefnum íslenskrar kvikmyndagerðar á árinu. Við erum sannarlega stolt af öllu þessu hæfileikafólki og gróskunni í faginu.

Gleðilegt nýtt kvikmyndaár!

ABBABABB
Kvikmyndafélag Íslands

Viktor Orri Andersen
Eva Rut Hjaltadóttir
Vigfús Þormar Gunnarsson
Lína Thoroddsen
Ari Rannveigarson
Jón Már Gunnarsson
Dagur de'Medici Ólafsson
Marta Óskarsdóttir

AGAINST THE ICE
RVK Studios

Ari Birgir Ágústsson
Jón Atli Magnússon
Frosti Runólfsson
Róbert Magnússon
Haraldur Hrafn Thorlacius
Óttar Andri Óttarsson
María Rún Jóhannsdóttir
Árni Geir Kristmundsson

ALLRA SÍÐASTA VEIÐIFERÐIN
Nýjar Hendur

Ásta Júlía Elíasdóttir
Vivian Ólafsdóttir
Ylfa Marín Haraldsdóttir
Lára Magnúsdóttir
Gunnar Örn Blöndal
Guðmundur Garðarsson
Pálmi Heiðmann Birgisson

BERDREYMI
Join Motion Pictures

Ágúst Þór Ámundason
Ari Birgir Ágústsson
Eypór Örn Margrétarson
Jón Már Gunnarsson
María Rún Jóhannsdóttir
Haraldur Hrafn Thorlacius
Kristín Lea Sigríðardóttir
Ylfa Marín Haraldsdóttir
Sveinbjörn Óli Ólason

SUMARLJÓŠ OG SVO KEMUR NÓTTIN
Berserk Films

Haraldur Ari Karlsson
Jón Már Gunnarsson
Ari Rannveigar
Edda Mackenzie
Gunnar Gunnarsson
Emil Moravék
Ragnar Pétursson

SVAR VIÐ BRÉFI HELGU
Vintage Pictures, ZikZak

Arnar Benjamín Kristjánsson
Annetta Ragnarsdóttir
Arnór Einarsson
Heiða Gunnarsdóttir
María Rún Jóhannsdóttir
Viktor Davíð Jóhannsson
Guðni Líndal Benediktsson
Sjafnar Björgvinsson
Tumi Valdimarsson

VOLAÐA LAND
Join Motion Pictures

Emil Moravék
Ari Birgir Ágústsson
Eypór Örn Margrétarson
Heiða Gunnarsdóttir
Kristófer Smári Leifsson
Haraldur Hrafn Thorlacius
Sveinbjörn Óli Ólason
Óttar Andri Óttarsson

PROT
Stepanska Films

Anna Hafþórsdóttir
Gunnar Kristinnsson
Jana Arnarsdóttir
Magnús Ómarsson
Ársæll Rafn Erlingsson
Vala Elfudóttir Steinsen
Vivian Ólafsdóttir
Kristmundur Ari Gíslason
Sigfús Heiðar Guðmundsson
Vilhjálmur Ólafsson
Rúnar Vilberg
Óskar Þór Hauksson
Árni Gylfason
Stefán Freyr Margrétarson
Vilius Petrikas
Viktor Aleksander Bogdanski

IT HATCHED
Hero Productions

Elvar Gunnarsson
Ingimar Sveinsson
Magnús Ómarsson
Vivian Ólafsdóttir
Gunnar Kristinnsson
Bent Kingo Andersen
Vilius Petrikas
Birkir Sigurjónsson
Guðfinnur Ýmir
Jana Arnarsdóttir
Hjalti Sveinsson
Þorlákur Bjarki
Árni Gylfason
Hallgrímur Jóhann Hallgrímsson
Halldór Pétur Hilmarsson
Alexander Hrafn Ragnarsson
Ragnar Bollason

SKJÁLFTI
Ursus Parvus

Marta Óskarsdóttir
Grétar Jónsson
Viktor Orri Andersen
Jón Atli Magnússon
Róbert Orri Pétursson
Haraldur Hrafn Thorlacius

BRÚÐKAUPIÐ MITT
Glass River

Vigfús Þormar Gunnarsson
Freyja Vals Sesseljudóttir
Hafþór Ingi Garðarsson
Guðjón Hrafn Guðmundsson

TROM
True North

Freyja Vals Sesseljudóttir
Marta Óskarsdóttir

VENJULEGT FÓLK 5
Glass River

Haraldur Ari Karlsson
Bergþóra Ólöf Björnsdóttir
Magga Vala
Viktor Orri Andersen
Sara Rut Arnardóttir

VENJULEGT FÓLK - JÓLA SPECIAL

Fannar Sveinsson
Bergþóra Ólöf Björnsdóttir
Magga Vala
Róbert Magnússon
Jónatan Leó Þráinsson
Hekla Gísladóttir
Stefán Freyr Margrétarson

SVÖRTU SANDAR
GlassRiver

Kristín Lea Sigríðardóttir
Vigfús Þormar Gunnarsson
Guðný Rós Þórhallsdóttir
Guðjón Hrafn Guðmundsson
Vivian Ólafsdóttir
Albert Halldórsson

VERBÚÐIN
Vesturport

Guðný Rós Þórhallsdóttir
Eva Rut Hjaltadóttir
Róbert Magnússon
Arnór Einarsson
Hafþór Ingi Garðarsson
Róbert Orri Magnússon
Haraldur Hrafn Thorlacius
Nanna Alfreðsdóttir



Vorönn hefst 12. janúar 2023.
Ópið fyrir umsóknir.

KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

Mengun sem er aðeins til skemmtunar

benediktarnar@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Undanfarin ár hefur mælst aukning í svifryksmengun á þrettándanum. Viða um land skjóta Íslendingar þá upp síðustu flugeldunum sínum og kveðja jólin með brennum.

Svava S. Steinarsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur segir engar sérstakar ráðstafanir gerðar fyrir þrettándann, en hún hvetur fólk til að reyna að draga úr mengun.

„Á þrettándanum erum við ekki að sjá neitt í líkingu við það sem gerist á gamlárskvöld. Samt sem áður hvetjum við fólk til þess að draga úr notkun flugelda, því öll svifryksmengun er óæskileg. Þetta er mengun sem við erum að búa til eingöngu okkur til skemmtunar,“ segir Svava.

Reykjavíkurborg hefur ekki gert neinar sérstakar ráðstafanir fyrir þrettándann að sögn Svövu.



Svava S. Steinarsdóttir, hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur

„Brennurnar eru litlar og fáar, við höfum litlar áhyggjur af þeim í stóra samhenginu. Það eru flugeldarnir sem eru stóra svifryksuppsprettan,“ segir Svava.

Að sögn Svövu er veðrið mesta áhyggjuefnið fyrir þrettándann.

„Ef það er lítill vindur og froststillur, þá mælast há gildi af köfnunarefnisdíoxíði. Loftgæðin verða lakari og meira heilsuspillandi fyrir okkur að anda að okkur úti loftinu. Ef hægt er að draga úr einhverri mengun, þá er það allt af hinu góða,“ segir Svava. ■



Mikil vinna hefur farið fram í tröllasmiðju þeirra Eyjamanna í vikunni fyrir þrettándagleðina.

MYND/ADSEND.

Spenna fyrir þrettándanum í Eyjum

ragnarjon@frettabladid.is

VESTMANNAEYJAR Margir eru farnir að hlakka til þrettándagleði ÍBV í Vestmannaeyjum sem verður haldin eftir tveggja ára hlé í kvöld. Margvísleg dagskrá verður í boði, þar á meðal flugeldasýning, blysför, álfabrenna, tröll, jólasveinar, tónlist og margt fleira en gangan hefst klukkan 19.00.

Haraldur Pálsson, framkvæmdastjóri ÍBV, er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar og segir undirbúning ganga vel.

„Það er náttúrulega búið að vera tveggja ára hlé á öllu. Þetta hefur gengið ágætlega en það sem hefur verið að stríða okkur er færðin. Hún hefur tafið undirbúninginn. En þetta er allt að smella saman,“ segir Haraldur en hann telur það rétt að fáir taki þrettándanum eins alvarlega og Vestmannaeyingar og ÍBV.

Haraldur segir að dagskráin hefjist á Flötunum þar sem kveikt verður á kertum.

„Svo er labbað upp Illugagötuna alla og snúið hjá Hvíld niður á malarvöllinn og þar er brennan og tröllin eru höfð uppi á bil sem hafður er með í göngunni,“ segir Haraldur en mikill undirbúningur hefur verið í tröllasmiðju Eyjamanna í vikunni sem sér um að gera þau tilbúin fyrir þrettándann. „Jólasveinarnir bætast svo við aftast þegar þeir koma niður af fjöllumun. Svo er bæði flugeldasýning uppi á Hánni þar sem gangan fer af stað og svo líka niðri á malarvöllum,“ segir hann.

Haraldur segir alla að sjálfsögðu velkomna á hátíðina.

„Þetta er hálfgerð bæjarhátíð enda ekkert verið að rukka inn og Vestmannaeyjabær styður okkur í þessari vitleysu ef svo má segja,“ segir Haraldur að lokum. ■



Stækkun Sigöldustöðvar nálægt Þórisvatni er eitt af fjórum verkefnum Landsvirkjunar.

MYND/LANDSVIRKJUN

Ólík sýn á skoðanakönnun og á framtíð orkuvinnslu

Forstjóri Landsvirkjunar segir niðurstöðu könnunar um orkumál ekki koma sér á óvart. Framkvæmdastjóri Landverndar efast um forsendur fyrir orkuþörf.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ORKUMÁL Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, og Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, eru ósammála um túlkun niðurstaðna könnunar um virkjanir sem Fréttablaðið birti í gær. Einnig um þörf á orkuvinnslu og stöðu stóriðjunnar.

Samkvæmt könnuninni, sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið, vilja 66 prósent fleiri vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir á Íslandi, þar af 28 prósent mun fleiri virkjanir. 7 prósent vilja færri virkjanir og 26 prósent svöruðu hvorki né.

„Þetta kemur okkur ekki á óvart og er mjög í anda þess sem við skynjum í okkar vinnu,“ segir Hörður. „Það er þörf fyrir orku í orkuskiptin og áhugaverðan iðnað sem vill vera hér á landi, svo sem matvælaframleiðslu.“

Auður segir hins vegar að könnunin beri ekki merki um mikinn stuðning við virkjanaframkvæmdir. Stór hluti, 38 prósent, vilji sjá aðeins fleiri virkjanir sem sé engin bylting. „Það eru aðeins um 30 prósent sem vilja mikið fleiri virkjanir.“

Hörður segir að áætlun stjórnvalda um orkuskipti árið 2040 sé óraunhæf verði ekki virkjað meira. Tvöfalda þurfi orkuvinnsluna hér



Samningar við stóriðjuna eru að losna á næstu 20 árum og við þurfum að skoða vel sem samfélag hvort það sé besta nýtingin á orkunni.



Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

á landi. „Það þarf einhver orka að koma í staðinn fyrir milljón tonn af olíu,“ segir hann. Þá hafi Alþjóðaorkumálastofnunin bent á að heimurinn þurfi að áttfalda endurnýjanlega orkuvinnslu.

Landsvirkjun er með fjögur verkefni í gangi sem greint hefur verið frá, öll í leyfisveitingarferli. Hvammsvirkjun í neðri Þjórsá, vindorkuver í Búrfellslundi, stækkun á Þeistareykjum og Sigöldustöð.

„Við höfum sagt að það sé ekki loku fyrir það skotið að það verði að virkja meira vegna orkuskipta,“ segir Auður. „Hins vegar höfum við



Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

sagt ítrekað að það sé algjörlega út í hött að það þurfi að tvöfalda raforkuframleiðslu eins og starfshópur umhverfisráðuneytis og umhverfisráðherra hefur haldið fram.“

Auður segir að verið sé að gefa sér alls kyns forsendur, svo sem mikla aukningu iðnaðar og að Ísland muni sjá öllu millilandaflugi sem hér fer um fyrir rafeldsneyti. Lítið sé að gerast í orkuskiptum í flugi.

Nýting orkunnar til stóriðju og til gagnavera sem grafa eftir rafmyntum hefur verið til umræðu. Hörður segir gagnaver í rafmyntagreftri afgangsstærð í búskap Landsvirkjunar og ekki hluta af framtíðarorkusölnunni. Annað gildir um stóriðjuna. „Við viljum styðja við núverandi viðskiptavinum í stóriðju sem eru grunnurinn að okkar góða rekstri.“

Auður segir að allir virkjanakostir eigi að fara í faglegt mat og það þurfi að taka mark á því. Einnig að sumir virkjanakostir eigi ekki að vera í nýtingarflokki, svo sem Hvalárvirkjun og Eldvörp. Landvernd hafi sent inn endurupptökubeiðni þess efnis.

„Samningar við stóriðjuna eru að losna á næstu 20 árum og við þurfum að skoða vel sem samfélag hvort það sé besta nýtingin á orkunni,“ segir Auður um nýtingu orkunnar. ■

Tryggðu þér miða

Frumssýning
13. janúar

borgarleikhus.is

MACBETH





Opið
alla helgina

FOOD
CELLAR
—
MATAR
KJALLARINN

TILKYNNING FRÁ MATARKJALLARANUM:

Kæru viðskiptavinir.

Í kjölfar lagnaleka sem varð á hæðinni fyrir ofan Matarkjallarann hefur eigandi hússins ákveðið að ráðast í alhliða viðhald á lagnakerfi þess. Því miður er okkur ekki kleift að hafa staðinn opinn á meðan á framkvæmdum stendur, sem eru áætlaðar frá 9. janúar til 10. febrúar nk.

Við munum nýta tækifærið og gera ýmsar betrubætur til að gera góðan veitingastað enn betri.

Við hlökkum til að taka vel á móti ykkur í febrúar.

OPNUM AFTUR
10. FEBRÚAR

Til hamingju



Sigmundur Ernir
Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það ætti að vera skylda allra landsmanna að hlusta á og sjá Guðmund Felix Grétarsson tala frá hjartanu í nýju viðtali á Fréttavaktinni á Hringbraut, sem sent var út í gærkvöld, en er áfram aðgengilegt á vef blaðsins, [frettabladid.is](#).

Æðruleysi stafar af hverju orði Guðmundar Felix í þessu viðtali þar sem hann lýsir því af einlægni hvernig hann hefur tekist á við hlutskipti sitt á síðustu áratugum. Og þar fer saman þakklæti og kímni, einhver sú besta blanda sem hugurinn þarf á að halda í veruleika hversdagsins.

Endurhæfing og bati Guðmundar Felix, réttum tveimur árum eftir afar flókna handaágræðslu á frönskum spítala, hefur gengið langt framar vonum.

Og það getur engin lifandi sála annað en hrifist af því þegar kappinn lýsir væntingum sínum og vonum sem reikað hafa um huga hans á síðustu árum, bæði fyrir og eftir aðgerðina. Hann var að öllu leyti búinn að búa sig undir þau ósköp að ágræðslan mistækist að mestu eða að öllu leyti, taka þyrfti nýju handleggina af honum að hluta eða öllu leyti – og að handlangarinn, eins og hann kallaði sjálfan sig á biðtímanum eftir nýjum handleggjum, stæði aftur uppi handalaus – og það til eilífðarnóns.

En þess þá heldur að hann væri fullur þakklætis þegar hann fyndi fyrir því á hverjum degi, hverri einustu mínútu, að mátturinn væri að streyma fram í hendurnar og fingurna. Og enda þótt það væri enn þá svo að þegar hann bití í þumalputtann og verkurinn kæmi fram í næsta fingri til hliðar, væru taugarnar samt að ná áttum, smám saman – og myndu að öllum líkindum finna sína leið út í ystu kjúkur á endanum.

Svo baðaði hann út höndunum í miðju viðtalinu, klóraði sér í nefinu, sem hann sagði vera dásamlega hreyfigetu sem hann hefði saknað í 23 ár, en að svo búnu tók hann með báðum lófum utan um vatnsglas á borðinu í myndverinu og lyfti því að vörum sér og tók góðan sopa.

Það segir alla söguna um sigurgöngu þessa manns, sem reynt hefur meira á eigin skinni en langflestir aðrir landsmenn, að hann fékk að vera einn heima um heila helgi, fyrir nokkrum vikum, í fyrsta skipti í aldarfjórðung, einn og óstuddur.

Til hamingju, Guðmundur Felix. ■

Halldór



Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Bráðavandi

Það er ekki að spyrja að raunveruleikatengslum hinnar hátimbruðu löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Þingflokksformaður Flokks fólksins, Guðmundur Ingi Kristinsson, er ekki fyrr búinn að lýsa því yfir, persónulega og privat, að neyðarástand ríki í heilbrigðiskerfi landsmanna vegna álags, kulnunar og fólksflotta af völdum fráflæðisvanda, að formaður velferðarnefndar þingsins, Líneik Anna Sævarsdóttir, bregst við kallinu. Hún ætlar að boða til fundar á næstu vikum í nefndinni, altsó er jólafríi þingmanna lýkur. Það gæti orðið undir lok janúar.

Pósturinn

Vegir póstsins eru órannsakanlegir. Þeir sem hafa lagt sig í framkróka við að kanna þá til hlitar hafa endað úti í móa. Þetta fékk kunningi blaðsins að reyna er hann fékk sendingu úr Bretaveldi, vel innpakkaðan pappakassa frá dótturdóttur sinni, sjö ára hnátu, sem var að senda ömmu og afa jólagjöf. Hún hafði samviskusamlega pakkað henni inn í jólapappír með slaufu og merkimiða, en þar fyrir utan, á póstumslaginu, var samviskusamlega tilgreint að um gjöf væri að ræða. Á umslagið höfðu póstyfirvöld ritað hvert innihaldið var og eyðilagt þannig alveg jólastemninguna, takk fyrir. ■

Óásættanlegt fyrir alla



Hanna Katrín
Friðriksson
þingflokksfor-
maður Viðreisnar

Eftir að Króatía náði langþráðu markmiði sínu um áramótin og skipti út gjaldmiðli sínum fyrir evru eru þau orðin 20 Evrópulöndin sem nýta sér þennan næststærsta gjaldmiðil heims til hagsbóta fyrir ríkissjóð viðkomandi landa, fyrirtæki og heimili. Þá eru ótalin ríki utan Evrópusambandsins sem nota evru, ýmist með samningi við ESB eða einhliða.

Á evrusvæðinu búa um 344 milljón borgarar. Frá því að Evrópusambandið tók upp sameiginlegan gjaldmiðil hefur evrunni margoft verið spáð hrakförum og jafnvel andláti. Ekki kemur á óvart að spámenirnir hafa oftast en ekki verið úr röðum andstæðinga Evrópusambandsins og spádómarnir þá ekki síst verið til heimabruks.

Raunveruleikinn er sá að notendur evrunnar eru ánægðir. Það sýna kannanir svo ekki verður um villst. Hugmyndin um sameiginlegan gjaldmiðil sem flestra Evrópulanda var vissulega djörf en á þeim ríflega 20 árum sem liðin eru hafa kostirnir verið umtalsvert meiri og afdrifaríkari en gallarnir. Og hefur þó gengið á ýmsu þessi ár þar sem fullkomið hrun á fjármálamörkuðum og stríð innan Evrópu ber auðvitað hæst.

Af hverju fær almenningur hér á Íslandi ekki að njóta þeirra kosta sem um 344 milljónir íbúa í nágrannalöndum okkar sækjast eftir? Það þarf óhemu stóran skammt af sjálfsblekkingu til að segjast tala fyrir hagsmunum heimila og fyrirtækja en hunsu um leið þann óviðunandi viðbótarvaxtakostnað sem íslenska krónan leiðir af sér um hver einustu mánaðamót. Svo vinnur það auðvitað beint gegn hagsmunum almennings þegar ríkissjóður þarf að greiða marga tugi milljarða króna á ári í þennan óþarfa viðbótarvaxtakostnað af skuldum sínum. Þetta dregur svo um munar úr getu stjórnvalda til að fjárfesta í og reka nauðsynlega innviði á borð við samgöngur og heilbrigðisþjónustu.

Við erum föst í aðstæðum þar sem vaxtakjörin sem standa okkur til boða jafnast á við vanskilavexti á evrusvæðinu. Heildarviðbótarkostnaður er á milli 200 og 300 milljarðar króna. Þetta er bara ekki ásettanlegt lengur. Ekki fyrir heimili. Ekki fyrir fyrirtæki. Ekki fyrir ríkissjóð. ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | [nyform.is](#)

Beint inn í brennandi hús

Í dag



Karl Th. Birgisson

Um áramótin læddist ein frétt framhjá okkur. Hún var um að Króatar fengu aðgang að Schengen-svæðinu og tóku upp evru svona í forbifarten. Gott á þá. Í stað þess að fjarlægjast eða ganga úr Evrópusambandinu vilja þeir tengjast því enn frekar. Þetta er nú meira fólkið. Króatar vinna okkur ítrekað í öllum íþróttum, en á móti kemur að enginn hefur sakað íþróttatröll um að vitsmunir riði þeim á slig.

Brennandi hús

Þeir virðast til dæmis ekki hafa lært íslensku. (Tungumál þeirra er raunar þannig, að enginn skilur. Landið heitir Hrvatska – reynið bara að bera það fram.) En sumsé. Króatar hafa ekki lært íslensku. Þeir hafa til dæmis ekki heyrt af því að Evrópusambandið standi í ljósum logum. Ekki hafa mín orð fyrir þessu. Eftir einhverjum krókaleiðum – í gegnum Bjarna Benediktsson og gott ef ekki síðar sjálfan Jón Baldvin – komst sá sannleikur á allra vitorð, að umsókn um aðild að Evrópusambandinu jafngilti því að vilja „leigja íbúð í brennandi húsi“. Háflugi náðu þessi sannindi í forsetakosningum 2012, þegar Þóra Arnórsdóttir bauð sig fram gegn Ólafi Ragnari, sem benti þjóðinni náðarsamlegast á að stelpa – hann kallaði hana reyndar „upp á punt“ – væri Evrópukrati í dulargervi. Undir skeleggum málflutningi okkar manns í sjónvarpinu svaraði hún einmitt svona: Nei. Maður leigir ekki íbúð í brennandi húsi. Við munum vonandi að okkar maður vann. Ég hef ekki upplifað slíka tíma frá Kópavogsfundinum.

Hitt blessað fólkið

Eriðara er að skilja sakleysingjana enn austar í álfunni, sem vilja endilega leigja í hjallinum, sem stendur varla uppi nema ræfillinn af honum öllum þessum árum seinna. Ég nefni bara Úkraínu – er einhver skortur á brennandi húsum þar? – eða Serbíu, Svartfjallaland og þau öll frá tíma Titó gamla. Eða Albaníu. Það voru nú góðir menn, Titó og Enver Hoxha. Þessar þjóðir eiga að lágmarki eitt sameiginlegt. Þær hafa heldur ekki lært íslensku. Þær vita ekki að framfarir og hagvöxtur fást með átökum við nágrannana, ekki með samvinnu og viðskiptum. Þetta vita hins vegar til dæmis Ungverjar. Þeir víggirða landamærin, henda óheppilegum útlendingum út fyrir garðinn, banna óþjóðholla fjölmiðla og dómara, og ganga almennt örna sinna í stigagangi Evrópusambandsins. Vel gert hjá þeim.

Og svo við

Þessar fréttir frá Króatíu – sem kratamiðlarnir sögðu bara frá í hálfum hljóðum, en básúnuðu um leið lygar um Trump – eru slæm



Ég spyr á móti hvort fullreynt sé með spesi- una og ríkisdalinn? Eða skreiðina og vað- málið? Hefur það í nokkru misst verðgildi sitt?

tiðindi. Eins og váfugl hafi flögrað yfir með gargi. Nú sem aldrei fyrr er nauðsyn- legt að við höldum vöku okkar. Þeir eru enn til á Íslandi sem vilja að Ísland gangi á hönd erlendum hagsmunaöflum. Þann- ig hefur það verið frá öröfi alda og tókst loks með Gamla sáttmála. Í því felst afsal fullveldis og sjálfstæðis sem enginn ættjarðar- elskandi Íslendingur getur sam- þykkt. Eða getur einhver haldið því fram að Króatar – sú arma þjóð – séu fullvalda og sjálfstæðir? Eða Danir? Tékkar? Austurrík- ismenn, sem við gætum reyndar lært margt af? Hinir finnast líka, sem vilja að við föllum á kné fyrir útlenskum fjármálamöngurum og tókum upp gjaldmiðil þeirra. Ég spyr á móti hvort fullreynt sé með spesiuna og ríkisdalinn? Eða skreiðina og vaðmálið? Hefur það í nokkru misst verðgildi sitt? Enginn hagfræðingur gæti haldið því fram. Að við nefnum ekki hið aug- ljósa, að tíu þúsund króna seðill- inn – sem er sannarlega djásn í sögu okkar – er í reynd milljón króna seðill, eftir að tvö núll voru klippt aftan af krónunni af bók- haldslegum ástæðum. Getur einhver þjóð státað af svo verðmætum peningaseðli? Milljón? Örstutt gúgl skilar bara tveimur nýlegum niðurstöðum. Zimbabwe og Íran, ef við sleppum tyrknesku lírunni. Þar eru nú vanmetnir menn, Mugabe og Khomeini. En enginn stöðvar tímans þunga nið. Við Íslendingar verðum að búa okkur undir áframhaldandi sókn þeirra, sem ásælast fullveldi okkar. Hún ágerist bara. Ég bið okkur þó þess lengs- tra orða, að undanskilja í þeim átökum öll stórfyrirtækin sem selja óvinum okkar fisk og aðrar auðlindir, og skrifa í bókhalðið greiðslu í útlenskum ríkisdöllum. Slík umræða eykur aðeins sundurlyndi og gæti fært okkur á sömu leið og Króata. Hraðleið inn í brennandi hús. ■



Þeir hafa til dæmis ekki heyrt af því að Evrópu- sambandið standi í ljósum logum.



TILKYNNING UM FRAMBOÐSFREST TIL STJÓRNARKJÖRS

Samkvæmt 37. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón af framansögðu og 34 gr. tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 16.00 fimmtudaginn 16. febrúar 2023.

Skila ber tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins. Kosið verður um varaformann, gjaldkera, tvo meðstjórnendur og níu fulltrúa í trúnaðarráð.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg meðmæli minnst 18 fullgildra félagsmanna.

Reykjavík 4. janúar 2023
Stjórn Félags íslenskra rafvirkja

Merkisatburðir

- 1709** Mesta kuldatímabil í Evrópu í 500 ár hefst og stendur í þrjá mánuði. Tugþúsundir manna deyja úr kulda og enn fleiri úr hungri vegna uppskerubrests um sumarið og haustið.
- 1902** Í Reykjavík er haldinn grimudansleikur í fyrsta sinn og þykir góð skemmtun.
- 1919** Frímúrarareglan á Íslandi stofnuð.
- 1957** Elvis Presley kemur fram í þriðja og síðasta skipti í sjónvarpsþætti Eds Sullivan og er aðeins sýndur fyrir ofan mitti, þar sem mjaðmahreyfingar hans þykja ósiðlegar.
- 1986** Hafskipsmálið: Íslenska skipafélagið Hafskip lýst gjaldþrota.
- 1990** Sjónvarpsþáttur Spaugstofunnar, 90 á stöðinni, hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu.



Sífellt fleiri taka þátt í þurru janúar ár hvert. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sleppa búsi í janúar

arnartomas@frettabladid.is

Heilsuátakið þurr janúar hefur rutt sér rúms á Íslandi á undanföllum árum en þar er öllu áfengi sleppt í janúarmánuði. Átakið á rætur sínar að rekja til Bretlands en hefur síðan þá teygst út anga sína til fjölda landa. Á Íslandi eru bindindissamtökin IOGT meðal þeirra sem standa að þurru janúar og segir Aðalsteinn Gunnarsson, framkvæmdastjóri þeirra, að áhugi á átakinu aukist ár hvert.

„Þetta er þriðja árið sem við höldum þessu úti,“ segir Aðalsteinn. „0,22 prósent þjóðarinnar notuðu appið okkar – rosalega lág tala en gríðarlega stórt hlutfall á svona sértæku appi. Það er mun meiri þátttaka hér miðað við aðrar þjóðir.“

Þá eru auðvitað einhverjir sem taka þátt án þess að nota appið.

Heilsufarslegur ávinningur þess að hætta drykkju alfarið er títt ræddur en hefur það nokkuð upp á sig að hætta í einn mánuð?

„Þú verður síður veikur, kynlífíð þitt getur batnað, svefninn batnar, blóðþrýstingurinn lækkar og svo lengi mætti telja,“ segir Aðalsteinn sem bendir fólki á að kynna sér þurran janúar nánar á Facebook-síðu átakans. ■



Ástkræ faðir okkar, afi og langafi,

Þorsteinn Svörfuður Stefánsson

yfirlæknir,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólúni

miðvikudaginn 4. janúar sl.

Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 11. janúar kl. 13.

Sólveig Þorsteinsdóttir
Árni Þorsteinsson
Heimir Þorsteinsson**Jorge Palmeirim**
Maria Loftsdóttir
Hanna Þóra G. Thordarson

barnabörn og barnabarnabörn



Okkar ástkræri eiginmaður, faðir, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,

Atli Steinar Stefánsson Axfjörð

Hólabraut 8, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 30. desember sl.

Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á reikning nr. 0123-15-086370, kt. 280670-5539.

Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, 12. janúar kl. 13.00.

Helga Sif Grétarsdóttir
Víkingur Örn Atlason Axfjörð**Kristín Þ. Matthíasd. Axfjörð****Stefán Friðrik Ingólfsson****Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir****Aðalsteinn Leifsson****Matthías Stefánsson****Grétar Guðmundsson****Herdís Rut Hallgrímsdóttir****Grétar Guðmundsson**

Þórunn Lárudóttir er með bíómynd á þrjónunum og efnir líka til tónleika um aðra helgi með vinkonum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fiskisúpa á fimmtugsafmælinu

Þrettándabarnið Þórunn Lárusdóttir fagnar fimmtugsafmæli í dag. Hún segir gaman að eiga afmæli á þrettándanum en viðurkennir aðspurð að hún sakni þó sólarinnar í Sitges.

arnartomas@frettabladid.is

„Ég er rosalegt afmælisbarn og hef alltaf fagnað hverjum einasta afmælisdegi,“ segir Þórunn Lárusdóttir, söngkona, leikkona og leikstjóri, sem fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í dag. „Það er gaman að eiga afmæli á þrettándanum og ég fæ yfir til mín vini og vandamenn í fiskisúpu í dag, að vanda.“

Þórunn og fjölskylda bjuggu um tíma í Sitges á Spáni en fluttu aftur til Íslands fyrir einhverju síðan. Saknar fjölskyldan ekkert Spáanar í þessum íslensku vetrarhörkum?

„Þú getur rétt ímyndað þér!“ svarar Þórunn hlæjandi. „Ég sagði einmitt við dóttur mína um daginn þegar frostið var sem mest að mig mig langaði svo til Sitges að ég væri alveg að deyja.“

Samdrættir og söngdivur

Það var einmitt í Sitges þar sem Þórunn lærði kvikmyndagerð en hún er núna á fullu að fjármagna bíómynd. „Þetta er

”

Það er gaman að eiga afmæli á þrettándanum og ég fæ yfir til mín vini og vandamenn í fiskisúpu í dag, að vanda.

handrit sem ég skrifaði með vinkonu minni og er að vona að hún geti farið í framleiðslu í sumar,“ segir hún. „Þetta er skemmtilegt fjölskylduævintýri, með nóg af söngi, dansi, grini og glensi.“

Þá er Þórunn einnig að æfa verkið Samdrætti eftir enska leikskáldið Mike Bartlett sem verður frumsýnt í Tjarnarbíói í febrúar í leikstjórn Þóru Karítasar Árnadóttur.

„Þetta er rosalega marglega verk og bráðfyndið með djúpum undirtóni. Algjört konfekt fyrir leikarann,“ segir Þórunn um Samdrætti sem fjallar að vissu leyti um eitraða vinnustaðamenningu. „Það getur bæði verið hálfúrreal-

ískt og ekki - þetta fær mann til að spyrja sig spurninga eftir áhorfið.“

A þrjónunum hjá Þórunni eru þá óupptaldir tónleikar í Salnum í Kópavogi 14. janúar þar sem hún stígur á stókk ásamt vinkonum sínum Margrėti Eir, Sigu Eyrúnu og Hönsu.

„Þetta eru skemmtilegir divutónleikar þar sem við höfum tekið saman okkar uppáhalds leikhús- og söngleikjamúsík – ég hlakka rosalega til!“

Grimuball af stærri gerðinni

Þórunn hefur venjulega þann sið að hlada í stórt parti á afmælisdeginum en vegna aðstæðna í dag mun það aðeins frestast í ár. „Ég ætla ekki að halda upp á afmælisdaginn heldur afmælisárið,“ segir hún og er með ýmis plön til að framfylgja því.

Stærsta afmælispartíið til þessa var fertugsafmæli Þórunnar þegar hún hélt grimuball af stærri gerðinni.

„Ég fór alveg alla leið og það var ógeðslega gaman,“ minnst hún. „Ég var með vegleg verðlaun fyrir besta grimubúninginn sem gerði það að verkum að fólk setti þvilíkan metnað í búninginn. Það er svo gaman að halda svona grimuball því þá fer fólk að tala saman sem þekkest ekkert, enda er það líklega ástæðan fyrir því að þetta er upphaflega gert.“ ■

Þetta gerðist: 6. janúar 1998

Litla hafmeyjan afhöfðuð

Höfuð litlu hafmeyjunnar, frægustu stytta Danmerkur og einkennistákn Kaupmannahafnar, var horfið þann 6. janúar 1998. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem hafmeyjan missti höfuðið en það hafði fyrst verið sagað af árið 1964 og var höfuðið sem nú var horfið því eftirmynd. Sökudólgarnir í skemmdarverkinu í þetta skipti fundust aldrei en höfðinu var skilað nafnlaust og fest aftur á þann 4. febrúar á sama ári.

Litla hafmeyjan hefur í gegnum tíðina verið algengt skotmark skemmdarvarga sem hafa meðal annars höggvið af henni handlegginn, sprengt hana af stalli sínum, fest á hana gervilim og



Hafmeyjan hafði áður misst höfuðið þegar það var sagað af árið 1964.

málað hana í alls konar litum. Styttan er eitt helsta aðdráttarafi ferðamanna í Kaupmannahöfn og sýnir umbreytingu hafmeyjunnar í manneskju úr ævintýri H.C. Andersen. ■





FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

FÖSTUDAGUR 6. janúar 2023

KYNNINGARBLAÐ



Boðið verður upp á ókeypis skautastund á morgun. MYND/ADSEND

Notaleg fjölskyldustund í Laugardalnum

starri@frettabladid.is

Á morgun, laugardaginn 7. janúar, verður gestum og gangandi boðið fritt á skauta og í kaffi og kökur á milli klukkan 15.15 og 17.15 í Skautahöllinni í Laugardal.

Tílefnið er 130 ára afmæli Skautafélags Reykjavíkur en félagið var stofnað þann dag árið 1893 af Axel V. Tulinius.

„Við vonumst eftir að sjá fólk á öllum aldri skauta hér á morgun,“ segir Anna Gígja Kristjánsdóttir, íþróttastjóri listskautadeildar Skautafélags Reykjavíkur.

„Það má búast við miklu fjöri og góðum tilprifum hjá byrjendum sem lengra komnum. Í hléinu klukkan 16 ætlum við svo að bjóða upp á veitingar, þar á meðal afmælisköku auk þess sem listhlaupa- og ishokkídeildir félagsins munu bjóða upp á sýningu.“

Skemmtileg íþrótt

Anna segir skautaiþróttina vera skemmtilega og hæfa flestu fólki á öllum aldri.

„Skautaiþróttin er fjölbreytt og samtvinnast af dansi, stökkum, píróttum og tjáningu. Að fara saman á skauta er eitt af því fáa sem öll fjölskyldan getur gert saman. Margir hafa farið í kringum jólin en við hvetjum alla til að nýta Skautahöllina mun betur og fara sem oftast yfir árið.“ Nánar á skautafelag.is. ■



Palli hefur notið lífsins á Tenerife þar sem hann tryllti íslenska ferðamenn á Pallaballi. Á sunnudaginn syngur hann með Stórsveit Reykjavíkur í Hörpi.

MYND/STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Allt galið gott hjá Palla

Eftir að Páll Óskar Hjálmtýsson kvaddi gamla árið með skemmtilegum smelli í áramóta-skaupinu skemmti hann Íslendingum á Tenerife og tryllti salinn í brjálaðri stemmingu. Á sunnudag tekst hann síðan á við gullöldina í Hörpu. **2**

Alla daga
gegn kulda og sól

Apótek, Hagkaup og Fjarðarkaup
www.celsus.is

elin@frettabladid.is

Fyrsta sólóplata Páls Óskars kom út fyrir 30 árum, eða árið 1993. Þótt hann hafi komið áður fram sem barnastjarna lítur hann þannig á að ferillinn hafi hafist með fyrstu eigin plötu sem nefndist Stuð og átti vel við enda hefur poppstjarnan alla tíð haft einlægán áhuga á diskótólist. „Ég lit á barnaferilinn sem undirbúning fyrir allt hitt,“ segir hann en frægðarstjarna hans rís enn hátt eins og sannaðist um áramótin, bæði í áramótaskaupinu og á Pallaballi á Tenerife. „Áður en þessi mánuður verður á enda kemur út nýtt lag sem er þegar tilbúið. „Ég er mjög spenntur fyrir því,“ segir hann.

Páll Óskar var á leið í sundlaugargarðinn við hótelið á Tenerife þegar við náðum tali af honum. „Maður verður að tana smá,“ sagði hann glettinn. Hann þarf að vera kominn heim á sunnudaginn þegar Stórsveit Reykjavíkur heldur sína árvisu nýárstónleika, Gullöld sveiflunnar, í Eldborg. Fyrir utan Palla syngja þau Rebekka Blöndal og Marína Ósk en Sigurður Flosason er kynnir.

Fara í tímavél

Stórsveitin hefur verið með slíka tónleika frá árinu 2014 en Palli söng með hljómsveitinni ári síðar, eða 2015. Hann kom þó fyrst fram með henni árið 1998 á Hótel Íslandi. „Tónleikarnir núna eru með tónlist frá swing-tímabilinu í kringum 1930–1950. Stórsveitin flytur upprunalegar útsetningar laga þekktustu hljómsveita á þessum tíma eins og Glenn Miller, Duke Ellington, Count Basie, Benny Goodman og Tommy Dorsey, þetta voru poppstjörnur þeirra tíma,“ segir Palli og bendir á að þótt söngvararnir syngi með sínu nefi er hljómsveitin ekkert að spara til að gera þennan atburð sem glæsilegastan með því að spila eftir gömlu upprunalegu nótunum. „Þessi lög voru á sínum tíma gefin út á 78 snúninga plötum. Áhorfendur fara í tímavél því þetta er afturhvarf til fortíðar,“ segir hann. „Það verður stórkostleg upplifun að hlýða á swing með þessum stóra hópi hljóðfæraleikara sem allir eru hoknir af reynslu. Þegar Stórsveit Reykjavíkur hringir og býður manni að vera með þá er svarið auðvitað já,“ áréttar Palli.

Fallinn fyrir Tene

Páll Óskar er fallinn fyrir Tenerife eins og aðrir Íslendingar. Hann var með Pallaball á gamlárskvöld þar sem færri komumst að en vildu. Palli bætti því við öðru á nýárskvöldi sem hann segir að hafi jafnvel verið enn trýltara. Þar sem margt fjölskyldufolk var á



Skjaskot úr loka-lagi áramótaskaupsins en margir hafa fengið lagið Bless og búið á heilann.



Það er alltaf stuð þar sem Palli er en fyrir 30 árum kom út fyrsta sóló-plata hans sem nefndist Stuð. Segja má að það nafn hafi verið vel til fundið á sínum tíma.

MYND/STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Mér fannst mjög skemmtilegt að taka þátt í þessu verkefni og skaupið eitt það allra fyndnasta sem ég hef séð. Ég hló upphátt.

nægilegt pláss fyrir gangandi vegfarendur. Auk þess eru mjög góðir veitingastaðir. Ég get vel hugsað mér að gera Pallaball hér á Tene næstu árin á gamlárskvöld. Við Svali höfum verið að svipast um eftir stærri sal til að vera með eitt stórt Pallaball í lok ársins. Ég er alveg til í að vera í 25 stiga hita á þessum árstíma það sem eftir er,“ segir hann. „Maður finnur bæði andlega og líkamlega vellíðan við að fá hita og birtu í kroppinn. Algjör endurhleðsla á gangi,“ segir hann léttur í bragði eins og ávallt. „Ég er heldur ekkert óvanur því að vera fjarri fjölskyldu minni og vinum á þessum árstíma þar sem ég var með gamlárball í Sjallanum á Akureyri tólf ár í röð.“

Þorablotin taka við

Leiðin liggur þó heim í frostið og myrkrið en Palli kvíðir því ekki þar sem mörg verkefni bíða hans. „Eftir tónleikana með Stórsveitinni taka þorablotin við og ég er bókadur meðal annars hjá Stjörnunni í Garðabæ. Síðan taka við árs hátíðir í febrúar og mars. Áður en maður veit af verða komnir páskar og þá fer ég í túr í kringum landið. Tíminn er fljótur að líða og svo verður komið sumar,“ segir hann bjartsýnn fyrir nýja árinu.

Bless og búið

Lagið Búið og bless sem var lokalg áramótaskaupsins með Brieti, Palla, Aróni Can og Diddú, hefur verið á fleygiferð upp vinsældalistann á Spotify og er mikið spilað á útvarpsstöðvunum. „Þetta lag varð í alvöru til eftir Gallup-könnun,“ upplýsir Palli. Briet syngur: Lífið er núna svo njótum í botn, og Palli bætir við: Ertu ekki að grínast í mér, þetta er galið gott.“ Passar vel við áramótin hans.

„Mér fannst mjög skemmtilegt að taka þátt í þessu verkefni og skaupið eitt það allra fyndnasta sem ég hef séð. Ég hló upphátt. Þessar kjarnakonur sem stóðu bak við áramótaskaupið eru búnar að kveða niður þá mytu að konur geti ekki verið fyndnar. Ef einhver dirfist að halda því fram að konur séu ekki fyndnar þá verður þessu áramótaskaupi troðið ofan í kokið á þeim til eilíðar. Saga Garðars, Dóra Jóhannsdóttir og Vigdís Haflíðadóttir eru núna endanlega búnar að sanna það að konur eru tryllingslega fyndnar,“ segir Palli.

Palli segist ekki strengja áramótaheit. „Mér líður svo vel að ég þarf það ekki. Lif mitt er yndislegt og ég hef ekki þörf fyrir að breyta neinu. Ég mun minnast ársins 2022 sem tíma sem alltaf var brjáláð að gera eftir tvö mjög róleg ár vegna Covid. Afletting er orð ársins en eftir að allt opnaðist vildu allir fá partið sitt. Ég hef aldrei fundið annað eins álag eftir 30 ára reynslu í poppinu og er gríðarlega þakklátur fyrir það,“ segir Palli og það er bara til einn slíkur. Palli gerir hlutina á sinn hátt. Það gerir hann líka þegar hann flytur lagið My Way með Stórsveit Reykjavíkur á sunnudagskvöldi. ■

Tenerife gerði hann enn betur og bauð ókeypis fjölskylduskemmtun á gamlársgag þar sem börnin nutu sín vel enda höfðar Páll Óskar til fólks á öllum aldri. „Þetta var stórkostleg upplifun í alla staði. Það fór bara allt á hliðina enda mikill fjöldi Íslendinga á staðnum,“ segir hann.

„Ég kíkti í stutta heimsókn til Tenerife í fyrsta skiptið í október til að skoða aðstæður fyrir Pallaballið og hvort það væri yfirhöfuð hægt að gera þetta. Svali Kalda-lóns, sem býr á Tenerife og er með ferðaskrifstofuna tenerifeferdir.is, var mér innan handar en hann hefur leyfi til að vera með viðburði á staðnum. Þetta endaði auðvitað með því að ég þurfti að gera tvö böll sem haldin voru á Íslendingabarnum St. Eugens,“ útskýrir hann.

„Það rann upp fyrir mér um áramótin að ég hef gert ótrúlegan fjölda popplaga í þrjátíu ár og þegar þau koma saman verður til hljóðrás fyrir þetta ferliki sem heitir núna Pallaball. Það er svo fallett að finna fyrir því að þessi lög hafa líka verið eins konar „soundtrack“ þeirra sem mæta á böllin mín og snert líf þessa fólks. Hver einasti sem mætti óskursöng með lögunum og aldursbilið var ansi breitt.“

Hleður batteriín

Þegar Palli er spurður hvernig hann upplifi Tenerife, svarar hann: „Það er mikið líf hérna, alls staðar fólk á gangi að nýta birtuna og góða veðrið. Mér finnst svæðið skemmtilega skipulagt, breiðar gangstéttar og þar af leiðandi

BROSTU Í SKAMMDEGINU



Orkublandan frá ICEHERBS hjálpar þér að vakna á dimmum vetrarmorgnum

2000 einingar af d-vítamíni og kröftug íslensk burnirót í hverju hylki

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Guðmundur Hilmarsson, gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

KVIKMYNDIR

mánaðarins

BRENDAN FRASER
THE WHALE
A FILM BY
DARREN ARONOFSKY

PROTOZOA

A24

JANÚAR

Magnaður tilfinningarússibani Hættan af óbeislaðri tækni

Charlie er næstum 300 kílóa einbúi. Hann er prófessor og kennir ritlist á netinu en gætir þess að hafa slökkt á netmynda-vélinni vegna þess að hann þorir ekki að láta nemendur sína sjá sig.

Eini vinur Charlie er hjúkrunar-konan Liz sem annast hann. Hún reynir að fá hann til að leita sér hjálpar þar sem hún óttast að hann eigi alvarlega á hættu að fá hjartaáfall.


Annar gestur á heimili Charlies er Thomas, kristniðboði á vegum trústöfnaðar sem berst gegn sam-kynhneigð. Hann litur á það sem sitt hlutverk að frelsa Charlie. Mjög andar köldu milli Thomas og Liz.

Charlie er að reyna að komast aftur í samband við Ellie, dóttur sína á táningsaldri, sem hann hefur ekki séð í átta ár. Hann býður henni alla sína peninga fyrir að verja tíma með sér án vitundar móður hennar. Hún samþykkir með því skilyrði að hann hjálpi henni að endurskrifa skólaritgerð. Charlie fellst á það en gerir kröfu um að Ellie skrifði í stílabók sem hann gefur henni.

Í ljós kemur að Liz er ættleidd dóttir leiðtoga trústöfnaðarins sem Thomas gengur erinda fyrir og tengist Alan, ástmanni Charlie, sem framið hafði sjálfsmorð vegna sektarkenndar yfir kyn-hneigð sinni. Ofát Charlies hafði byrjað í kjölfar dauða Alans.

Ekki er rétt að rekja atburðarás-ina lengra hér, en Brendan Fraser þykir vinna mikinn leiksigur sem Charlie í þessari stórfenglegu mynd um mannlega bresti, for-dóma, hroka, minnimáttarkennd, væntumþykju, svik og hlýju. ■

Laugarásbió og Háskólabíó



Stórfeng-
legur
leikur
Brendans
Fraser í
mynd sem
fangar
tilfinn-
ingarnar.

Frumskýnd:
27. janúar 2023
Aðalhlutverk:
Brendan Fraser, Sadie Sink,
Ty Simpkins, Hong Chau,
Samantha Morton og Sathya
Sridharan

Handrit:
Samuel D. Hunter

Leikstjórn:
Darren Aronofsky

12

Gemma er vélmennaverk-fræðingur hjá leikfangafyrirtæki sem hefur notað gervigreind til að þróa frumgerð að M3GAN (stytting á „Model 3 Generative Android“) sem er brúða í manns-líki, forrituð til að vera besti félagi barns og besti bandamaður foreldris.

Óvænt verður Gemma forráða-maður átta ára gamallar frænku sinnar, Cady, þegar foreldrar hennar deyja í bílslysi. Hún er algerlega óundirbúin fyrir þetta skyndilega foreldrahlutverk og er auk þess undir gríðarlegu álagi í vinnunni.

Gemma veit vart hvað hún á að gera en kemst að þeirri niður-stöðu að best sé að para saman M3GAN frumgerðina og frænku hennar. Þannig geti hún fengið frið til að sinna krefjandi verkefnum í vinnunni jafnframt því sem tryggt sé að Cady sé undir traustri handleiðslu og gæslu M3GAN.

Þessi ákvörðun dregur dilk á eftir sér. M3GAN er að miklu leyti órannsókuð og ekki liður á löngu þar til hún þróar með sér sjálfs-vitund og ofverndar Cady með því að meiða, og jafnvel drepa, hvern þann sem stendur í vegi fyrir því að hún geti verndað barnið.

Hún ræðst með afli sínu gegn hverju þeim sem ógnar Cathy, fyrst utanaðkomandi, en ekki liður á löngu þar til jafnvel Gemmu fer að standa ógn af M3GAN.

Sannir hrollvekjuaðdáendur verða ekki sviknir af M3GAN. Gæti eitthvað svona verið að gerast í sívaxandi tækniheimi 21. aldarinnar? ■

Laugarásbió, Sambíóin Álfabakka og Smárabíó



Það getur
reynst
skamm-
góður
vermir að
styttu sér
leið og
treysta
óþekktri
tækni.

Frumskýnd:
13. janúar 2023
Aðalhlutverk:
Allison Williams, Violet
McGraw, Amie Donald, Jenna
Davis, Jen Van Epps og Brian
Jordan Alvarez

Handrit:
Akela Cooper og James Wan

Leikstjórn:
Gerard Johnstone

16

Þegar mikið liggur við

Þegar koma þarf í veg fyrir sölu á nýrri gereyðingartækni í kapp-hlaupi við vopnasalann og millj-ardamæringinn Greg Simmonds (Hugh Grant) dugar ekkert minna en að fá súpernjósarann, Orson Fortune (Jason Statham) í málið.

Hann lætur tregur til leiðast og fær í lið með sér einvalalið bestu útsendara í heiminum. Hann virkjar líka með sér stærstu stjörnu-una í Hollywood, Danny Francesco (Josh Hartnett) í leiðangurinn til að bjarga heiminum.

Málið snýst um að ná aftur stolnum hlut, sem kallaður er „The Handle“. Hvorki skuggalega leyni-þjónustan sem stendur á bak við aðgerðina né teymið sem á að ná hlutum vita hvað þetta andstyggi-lega fyrirbæri er. Öllum er þann vegar kunnugt um að verðmiðinn er tíu milljarðar Bandaríkjadala og „The Handle“ má alls ekki komast í hendur óþrúttinna aðila.

Leikstjórnin, Guy Ritchie, og Jason Statham unnu fyrst saman í myndinni Lock, Stock and Two Smoking Barrels, sem var frumraun Ritchies í leikstjórn og myndin sem gerði Statham að stjórn. Þeir unnu líka saman í Snatch, sem sló heldur betur í gegn, auk þess að gera saman Revolver og nýlega tryllinn Wrath of Man.

Í Operation Fortune færa þeir félagar okkur njósnatrylli sem heldur betur passar inn í Guy Ritche-stílinn sem leyfir spennunni og kímnninni að njóta sín þannig að þær styðja hvor aðra. ■

Smárabíó og Háskólabíó



Njósnat-
ryllir sem
leyfir
spennunni
og kímnn-
inni að
njóta sín.

Frumskýnd:
20. janúar 2023
Aðalhlutverk:
Aubrey Plaza, Hugh Grant, Jas-
on Statham, Euginia Kuzmina,
Cary Elwes og Josh Hartnett

Handrit:
Ivan Atkinson, Marn Davies og
Guy Ritchie

Leikstjórn:
Guy Ritchie

12

Dregur fram ósvikinn hlátur

Fjölskyldur þeirra beggja eru alveg ágæt, já, hreint elskulegar. Þær hafa bara mjög sterkar skoð-anir á öllu og eru kannski ekki alltaf sammála.

Nú eru Darcy (Jennifer Lopez) og Tom (Josh Duhamel) búin að stefna fjölskyldum sínum á framandi stað í brúðkaup sem á að slá út allt annað sem áður hefur verið gert í þessum efnum.

Fara þá ekki brúðhjónin sjálf að fá efasemdir um ágæti ráðahags-ins! Eins og það sé eitt og sér ekki nóg til að skyggja á gleðina bætist við að skyndilega eru allir í bráðri lífshættu þegar glæpagengi ræðst inn í veisluna og tekur alla gestina í gíslingu.

Heitið „í blíðu og stríðu“ tekur á sig allt aðra og meiri merkingu í þessari frábæru gamanmynd þar sem adrenalínið streymir um æðar í trylltum æsingi þar sem Darcy og Tom verða að bjarga ást-vinum og mega helst ekki drepa hvort annað fyrst.

En, viti menn, í öllum æsingnum, þegar þau verða að standa saman eigi þau að halda lífi, rifjast upp fyrir þeim hvers vegna þau hrifust hvort af öðru og urðu ást-fangin.

Jennifer Lopez er kjörin í gamanhlutverk af þessu tagi og Josh Duhamel er svo sem enginn viðvanagerur heldur. Fyrir lengra komna má nefna að meðal leikara eru Jennifer Coolidge, Sonia Braga og Cheech Marin. Góð ástæða til að mæta í bíó. ■

Smárabíó og Háskólabíó



Heitið „í
blíðu og
stríðu“
tekur á sig
allt aðra og
meiri
merkingu.

Frumskýnd:
13. janúar 2023
Aðalhlutverk:
Jennifer Lopez, Josh Duha-
mel, Lenny Kravitz, Jennifer
Coolidge, Sonia Braga og
Cheech Marin.

Handrit:
Mark Hammer

Leikstjórn:
Jason Moore

12



Mmm...Marabou

Spenna af gamla skólanum

Plane er runnin undan rifjum sömu framleiðenda og stóðu að baki Angel Has Fallen og Greenland.

Gerard Butler leikur Brodie Torrance,flugstjóra sem verður að nauðlenda á einhverjum hættulegasta stað á jörðinni eftir að farþegaflugvél hans verður fyrir eldingu í miklu óveðri. Hann lendir snarlega í aðstæðum þar sem hver sekúnda skiptir máli og sekúndurnar geta verið það sem skilur milli lífs og dauða.

Hann er lentur með áhöfn sína og farþega á stríðshrjáðri eyju og fljótt verður ljóst að það að lifa af nauðlendinguna er bara byrjunin.

Hættulegir uppreisnarmenn taka flesta farþegana í gíslingu og Torrance verður að reíða sig á aðstoð Louis Gaspare, ásakaðs morðingja sem var farþegi um borð sem fangi í fangaflutningum bandarísku alríkislögreglunnar.

Ef takast á að bjarga farþegunum verður Torrance að leysa Gaspare úr járnum og afhenda honum skotvopn. Hann kemst að því að Gaspare leynir heldur betur á sér.

Þessir ólíklegu bandamenn takast á við morðóða sjóræningja og hættulegt landsvæði. Torrance svífst einskis með nýfundnum bandamanni sínum. Hann er staðráðinn í að bjarga farþegunum og komast aftur til dóttur sinnar.

Butler er kjörinn í hlutverk mannsins sem bregst ekki þegar á reynir, heldur gefur allt sitt og fer langt út fyrir þær skyldur sem honum ber til að ljúka ætlunarverki sínu.

Plane er mynd fyrir þá sem þola spennu. ■

Sambíóin



» **Flugstjóri svífst einskis til að frelsa farþega sína og komast til dóttur sinnar.**

Frumskýnd:
13. janúar 2023

Aðalhlutverk:
Gerard Butler, Mike Colter, Yoson An, Daniella Pineda og Paul Ben-Victor

Handrit:
Charles Cumming og J.P. Davis

Leikstjórn:
Jean-Francois Richet



Blóð, sviti, tár og heppni

Babylon er saga um gríðarlegan metnað og ofboðslegt óhóf í Hollywood fyrir tæpri öld, þegar þöglu myndirnar voru á undanhaldi og talmyndirnar hófu innreið sína.

Í þessari mynd fáum við að sjá hvernig stjórnumarnar sem birtast okkur á hvíta tjaldinu eiga oftast en ekki að baki blóð, svita og tár – brostna drauma og ótrúlega heppni.

Í byrjun myndarinnar erum við kynnt fyrir Manny Torres, Bandaríkjamanni af mexíkóskum uppruna sem kemur til borgar englanna í lok tímabils þöglu myndanna. Hann er að reyna að koma fil í truflað Hollywood-partí – partí þar sem eiturlíf og kynlíf eru rauði þráðurinn.

Hann kemur auga á Nellie LaRoy sem er upprennandi stjarna og þau stinga saman neffjum. Við erum líka kynnt fyrir Jack Conrad, glæsilegum stjórnmuleikara í þöglu myndunum sem er í þann mund að yfirgefa þriðju eiginkonu sína og reka sig á að frægðin er hverful þegar talmyndirnar ryðja þeim þöglu úr vegi.

Umgjörðin er glæsileg og Margot Robbie í hlutverki Nellie og Diego Calva sem Manny fá mikið lof. Brad Pitt í hlutverki fallandi stjórnunnar Jack Conrad er þó stjarna myndarinnar.

Babylon er sannkallað stórvirki á hvíta tjaldinu, tilnefnd til fjölda Golden Globe verðlauna og búist er við fjölda tilnefninga til Óskarsverðlaunanna. ■

Sambíóin og Háskólabíó



» **Eiturlíf og kynlíf voru í fyrirrúmi í Hollywood-partíunum fyrir tæpri öld.**

Frumskýnd
21. janúar 2023

Aðalhlutverk
Brad Pitt, Margot Robbie, Diego Calva, Olivia Wilde, Jean Smart og J.C. Currais

Handrit:
Damien Chazelle

Leikstjórn:
Damien Chazelle



Persónulegasta mynd Spielberg

Steven Spielberg hefur sagt að flestar hans myndir byggji sumpartinn á einhverju sem hann hefur upplifað. The Fabelmans er hins vegar byggð á hans eigin ævi, uppvexti og unglingsárum fram á fullorðinsár.

Þetta er persónulegasta myndin sem Spielberg hefur gert og að margra mati sú besta. Hún hefur verið tilnefnd til fimm Golden Globe-verðlauna, meðal annars sem besta myndin, besta handritið og besta leikstjórn.

Sammy Fabelman fer í fyrsta sinn í kvikmyndahús 1952 og sér óskarsverðlaunamynd Cecil B. DeMille, The Greatest Show on Earth. Hann heillast af myndinni, fær áhuga á kvikmyndagerð og byrjar að taka heimakvikmyndir með Super 8 vél sem pabbi hans á.

Fljótlega kemur í ljós að Sammy hefur mikla hæfileika á þessu sviði og er efnilegur. Við fylgjumst með því hvernig hann kvikmyndar og klippir myndir af fjölskyldunni, skóla- og skatafélögum sínum og áttar sig á því töfrataki sem kvikmynd er.

Fjölskyldusagan er ekki eintómur dans á rósum og að því kemur að foreldrar Sammy skilja vegna þess að móðir hans tekur saman við fjölskylduvin. Sammy hafði áttað sig á því að eitthvað væri í gangi milli þeirra vegna þess að hann hafði myndað þau saman í lautarferð fjölskyldunnar. Hann klippti eina útfærslu af lautarferðinni til að sýna fjölskyldunni og svo var til Director's cut.

The Fabelmans er tilnefnd til fjölda Golden Globe-verðlauna og búist er við að hún muni sópa að sér tilnefningum til Óskarsverðlauna. ■

Sambíóin



» **The Fabelmans byggir á ævi Spielbergs og kynnum af kvikmynda-gerð.**

Frumskýnd:
27. janúar 2023

Aðalhlutverk:
Michelle Williams, Gabriel LaBelle, Paul Dano, Judd Hirsch, Seth Rogen og Mateo Zoryan

Handrit:
Steven Spielberg og Tony Kusner

Leikstjórn:
Steven Spielberg



Kolsvört tragikómedía

Árið er 1923 og írska borgarastríðinu er að ljúka. Á eyjunni Insherin við vesturströnd Írlands sinnast þeim Pádraic og Colm, sem hafa verið vinir frá barnæsku.

Colm segir Pádraic að honum líki einfaldlega ekki við hann lengur og tilkynnir honum að vináttunni sé lokið. Honum finnst hans gamli vinur of leiðinlegur til að halda áfram í vináttuna. Draumar Colms snúast um að semja tónlist og gera hluti sem halda muni nafni hans á lofti um ókomna tíð.

Pádraic er miður sín yfir vinarmissinum og reynir að laga sambandið og nýtur til þess liðsinnis systur sinnar, Siobhan, og ungs og vansæls pilts, Dominic, sem býr við ofríki föður síns en gefur Siobhan hjóla og gerir hús sínar grænar fyrir henni.

Ekki verður Pádraic þó mikið ágengt og því meira sem hann reynir að endurnýja vináttuna því þrjóskari verður Colm og atburðarásin vindur sífellt upp á sig.

Colm hótar því að í hvert sinn sem hans gamli vinur áreiti hann muni hann klippa af sér einn fingur vinstri handar. Svo fer að hann stendur við orð sín.

Myndin er kómedía að vissu marki en þó með kolsvörtum undirtónum og áhorfandinn skynjar vel að væntanlega stefnir ekki í Hollywood-endi.

Banshees er tilnefnd til mikils fjölda Golden Globe verðlauna, auk þess sem búist er við fjölda tilnefninga til Óskarsverðlaunanna. ■

Sambíóin og Bíó Paradís



» **Áhorfandinn skynjar að hér er ekki Hollywood-endir í uppsiglingu.**

Frumskýnd:
13. janúar 2023

Aðalhlutverk:
Colin Farrell, Brendan Gleeson, Kerry Condon, Pat Shortt og Barry Keoghan


Handrit:
Martin McDonagh

Leikstjórn:
Martin McDonagh



m&m's

MEÐ
BÍÓMYNDINI





Ísköld dönsk verðlaunahrollvekja

Dönsk hjón, Björn og Louise, eru í frii í Toskana á Ítalíu ásamt dóttur sinni, Agnesi, og kynnst þar hollenskum hjónum, Patrik og Karin, og syni þeirra, Abel. Það fer afskaplega vel á með fjölskyldunum og eyða þær miklum tíma saman.

Nokkrum vikum eftir heimkomuna til Danmerkur berst þeim boð frá hollensku hjónunum um að heimsækja þau á heimili þeirra, sem er á afskekktum stað í Hollandi. Þau þiggja boðið.

Eftir átta tíma akstur renna þau í hlað á áfangastað full tilhlökkunar fyrir heimsókninni. Stuttu eftir komuna fær Louise þó ónotatilfinningu vegna aðgerðalausrar árásargirni (e. passive-aggressiveness) gestgjafanna, meðal annars tillitsleysi Patriks gagnvart því að hún er grænmetisæta og harkalegri hegðun hans gagnvart Abel, auk þess sem Karin blótar mikið.

Heimsóknin er mjög óþægileg og vandræðaleg en svo fer að Björn og Louise reyna að vera kurteis og fallast á að vera áfram. Atburðarásin verður æ ógnvænlegri og augljóst er að ekki er allt sem sýnist. Ekki liður á löngu þar til ljóst er að það er spurning um líf og dauða hvort dönsku fjölskyldunni tekst að forða sér.

Speak No Evil sló í gegn á Sundance-kvikmyndahátíðinni 2022 og er á stuttlista yfir myndir sem hljóta Óskarstilnefningu sem besta erlenda myndin. Kvikmyndin er nánast öll á ensku.

Myndin saitur svo sannarlega í áhorfendum því að hér er um ein svakalegasta sálfræðitrylli síðustu ára að ræða og ljóst er að hún verður ein af umtöluðustu myndum ársins 2023. ■

Bió Paradís



Fróðleikur

- Hollensku hjónin Karin (Karina Smulders) og Patrik (Fedja van Huet) eru í alvöru hjón.
- Handritshöfundurinn og leikstjórinn, Christian Tafdrup, fékk hugmyndina að myndinni þegar hann var í frii í Toskana og hann og kona hans hittu vingjarnleg en félagslega vandræðaleg hjón frá Hollandi. Þegar heim kom fengu þau boð frá Hollandi um að koma í heimsókn en þaðu ekki, en hugmyndaflug Tafdrups komst í hæstu hæðir.

» **Speak No Evil sló í gegn á Sundance kvikmyndahátíðinni 2022 og er á stuttlista yfir myndir sem hljóta Óskarstilnefningu sem besta erlenda myndin.**

Frumskýnd:
12. janúar 2023

Aðalhlutverk:
Morten Burian, Sidsel Siem Koch, Fedja van Huet og Karina Smulders

Handrit:
Christian Tafdrup og Mads Tafdrup

Leikstjórn:
Christian Tafdrup



Dularfullur titill

Dularfullur titill myndarinnar/verksins er iðulega túlkður þannig að nú sé ofbeldi komið á slíkt stig að það sé ekki skiljanlegt eldra fólki sem trúir á góð gildi, rétt eins og lögreglustjórinn Bell (Tommy Lee Jones). Vel má vera að eitthvað sé til í því, en svo því sé haldið til haga er titill myndarinnar tekinn úr ljóðinu *Sailing to Byzantium* (útg. 1935) eftir írsku þjóðargerseminu William Butler Yeats.

» **Í myndinni er vísað til þess að pabbi Woody Harrelson var raunverulegur leigumorðingi sem drap dómara í San Antonio.**

Fróðleikur um No Country for Old Men

Kvikmynd Coen-bræðranna *No Country for Old Men* (2007) er kvikmyndaðlögun bókmenntaverksins með sama titli eftir hinn magnaða rithöfund Cormac McCarthy. Myndin hlaut fern Óskarsverðlaun, meðal annars sem besta kvikmynd og fyrir bestu leikstjórn, og er mögulega ein af bestu myndum 21. aldar.



Hér eru feðgarnir James og Josh Brolin á góðri stund ásamt Barbra Streisand, eiginkonu James Brolin og stjúpmodur Josh. Brolin eldri var mikill hjartaknúsari á yngri árum og kallaður „Ladykiller“ Brolin.

Las ekki handritið

Aðalleikarar myndarinnar eru þeir Tommy Lee Jones, Javier Bardem, Josh Brolin (aldrei slæmur hárdagur) og Woody Harrelson, sem fer með hlutverk leigumorðingja. Sagan segir að Josh Brolin hafi haft svo mikinn áhuga á að vinna með þeim Coen-bræðrum að hann hafi ekki haft fyrir því að lesa handritið áður en hann samþykkti að leika í myndinni.

Slasaður í alvöru

Brolin slasaðist í mótorhjólaskyldu stuttu áður en upptökur hófust en beið með að fara í aðgerð til að tryggja að hann missti ekki af tækifærinu. Karakter hans, Llewelyn Moss, er skotinn snemma í myndinni í þá öxl Brolins sem var löskuð fyrir, þannig að þessi meiðsl ljáðu ef til vill leik hans aukinn trúverðugleika.

Sjaldan fellur eplið...

Hér er ekki úr vegi að nefna – í ljósi alls tals um kultúrbörn – að Brolin er sonur leikarans James Brolin, sem er giftur Barbra Streisand. Hann var iðulega kallaður „Ladykiller“ Brolin í gulu pressunni, svo myndarlegur þótti hann. Saldan fellur eplið langt frá eikinni, en segjast verður eins og er að Josh Brolin er föðurbetrungur þegar kemur að leikhæfileikum.



Woody Harrelson, sem leikur leigumorðingja, er í raun sonur leigumorðingja.

Sonur leigumorðingja

Leikarinn ástsæli, Woody Harrelson, leikur leigumorðingjann Carson Wells í myndinni. Í bókinni (ekki myndinni) er talað um að Carson Wells hafi myrt dómara í San Antonio og nú snúast hlutverk feðga á hvolf, því að faðir Woodys var nefnilega lítilsigldur leigumorðingi sem drap dómara í San Antonio.

» **Titill myndarinnar er úr ljóðinu *Sailing to Byzantium* eftir írsku ljóðskáldið William Butler Yeats sem var gefið út árið 1935.**



ZE ZE Juvel tunika
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-48
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

ZE ZE Faud shiffon kjóll
Fæst líka í bláu. Stærðir 38-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 7.693 kr

ZHENZI Paloma Shiffon skyrtukjól
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-56
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 8.393 kr

ZHENZI Amaris shiffon kjóll
Fæst líka í grænu. Stærðir 46-56
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 7.194 kr

ZE ZE Hiva kjóll
Fæst líka í bláu. Stærðir 36-46
Verð áður 11.990 kr
Útsöluverð 5.995 kr

ÚTSALAN er hafin

30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum



ZHENZI Dallas skyrtubolur
Fæst líka í brúnu. Stærðir 42-56
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZE ZE Atla kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 6.993 kr

ZHENZI Ramona tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 12.990 kr
Útsöluverð 9.093 kr

ZE ZE Bobbi tunika
Fæst líka í bleiku. Stærðir 38-48
Verð áður 10.990 kr
Útsöluverð 7.693 kr

YEST/YESTA Peysa
Fleiri litir til. Stærðir 36-56
Verð áður 8.980 kr
Útsöluverð 6.286 kr



ZE ZE Goodby kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 5.994 kr

ZE ZE Goodby tunika
Fæst líka í brúnu. Stærðir 38-48
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 5.394 kr

ZE ZE Juan glimmer golla
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 8.990 kr
Útsöluverð 6.293 kr

ZE ZE Goodby hálsíður kjóll
Fæst líka í svörtu. Stærðir 38-48
Verð áður 9.990 kr
Útsöluverð 5.994 kr

YESTA Harmy kjóll
Stærðir 44-56
Verð áður 12.980 kr
Útsöluverð 7.788 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR
Tökum að okkur alla almenna málningavinnu, við erum faglægðir með mikla reynslu og sanngjarnir í verðum.
s. 782 4540 loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllum almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur

gottcbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði
GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is
WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í MÍR salnum á Hverfisgötu 105.
Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.
Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðin standa í 4 vikur.
Boðið er upp á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:
Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga: 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:
Mánudaga og miðvikudaga: 19:15 - 20:45

Framhaldsnámskeið spænska III:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska IV:
Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska V:
Þriðjudaga og fimmtudaga: 13:00 - 14:30

Við bjóðum einnig upp á einkatíma og stuðningstíma fyrir nemendur á menntaskólastigi.



Námskeiðin okkar byrja mánudaginn 9. janúar og þriðjudaginn 10. janúar og þeim lýkur svo fimmtudaginn 2. febrúar.
Verð á mann er 37.500 krónur.
Upplýsingar í síma 790 5033 eða spaenskuskolinnhablame@gmail.com
Facebook: Spænskuskólinn Háblame
Instagram: spaenskuskolinn_hablame

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**





HRAFNAGILSSKÓLI - SÍÐARI ÁFANGI LEIKSKÓLAVIÐBYGGINGAR

Eyjafjarðarsveit óskar eftir tilboðum í síðari áfanga leikskólaviðbyggingar við Hrafnagilsskóla. Um er að ræða byggingu leikskóla, ofan botnplötu sem var í fyrsta áfanga, bæði reisingu burðarvirkis og lokafrágang.

Helstu magntölur í verkinu eru:

- CLT einingar í veggum um 950 m2
 - CLT einingar í plötur um 1.000 m2
 - Lett Tak þakeiningar um 200 m2
 - Samlokueiningar á þak um 1000 m2
 - Stál um 5.700 kg
 - Vatnslagnir (H+K) um 700 m
 - Frárennslislagnir um 200 m
 - Snjóbræðslulagnir um 1.900 m
- Pípur rafkerfa um 2.000 m
 - Lampar um 300 stk
 - Cat strengir um 1.100 m
 - Rofar og tenglar um 300 stk
 - Dósir rafkerfa um 500 stk
 - Gífsveggir um 400 m2
 - Hljóðdeyfiplötur í loft um 600 m2
 - Slétt áklæðning um 600 m2
 - Loftstokkar um 400 m



EYJAFJARÐARSVEIT

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **30. apríl 2024.**

Útboðsgögn verða afhent rafrænt frá og með miðvikudeginum **04.janúar 2023.**

Beiðni um afhendingu gagna skal send í tölvupósti á netfangið **rab@verkis.is**

Tilboðin verða opnuð á skrifstofu VERKÍS að Austursíðu 2, 603 Akureyri þann **27. janúar 2023 klukkan 13.00** að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



ÍÞRÓTTAVIKAN MEÐ BENNA BÓ

FÖSTUDAGA KL. 19.00 OG AFTUR KL. 21.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótnum.



HRINGBRAUT

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.
- 19.30 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli. (e)
- 20.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó** Íþrótt- og skemmti-þáttur með Benedikt Bóasi. (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi (e)**
- 13.10 Kastljós (e)**
- 13.35 Útsvar 2016-2017** (Sandgerði - Rangárþing eystra) (e)
- 14.45 Enn ein stöðin (4.20) (e)**
- 15.10 Manstu gamla daga? (e)**
- 15.50 Tareq Taylor og mið austur-lensk matarhefð (e)**
- 16.20 Andraland (e)**
- 16.50 Með sálina að veði** – New York (e)
- 17.50 Villtir leikfélagar**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.50 Lag dagsins** (Hildur Kristín Stefánsdóttir – Would You Change?) (e)
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Kastljós**
- 20.00 Loksins eftirhermur með Sóla Hólm** Uppataka frá uppistandi Sóla Hólm í Bæjarbíói í nóvember 2022. Sólí er með vinsælustu grínurum og eftirhermum landsins. Hér gerir hann stólpagrín og bregður sér í ýmissa einstaklinga líki við ósvikna kátínu viðstaddra.
- 21.10 Fullveldisdagskrá VHS (e).**
- 22.00 Trúður** Þriðja myndin um hrakfallabálkinn Frank og vin hans, Casper.
- 23.35 Napoleón Dinamít** Bandarísk gamanmynd um Napoleon Dynamite, ráðvilltan unglingsdreng sem býr í smábæ í Idaho með ömmu sinni og fullorðnum bróður. (e)
- 01.00 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist**
- 13.00 Dr. Phil**
- 13.42 The Late Late Show**
- 14.21 The Block**
- 15.11 Million Pound...**
- 16.55 Survivor**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Block**
- 20.10 Beyond the Lights** Sagan er um hæfileikaríka söng-konu að nafni Noni sem á í vaxandi erfiðleikum með að höndla þær kröfur sem gerðar eru til hennar þegar hún verður ástfangin af lög-reglumanni
- 22.10 Alive** Ruðningslið frá Úrúgvæ, sem er innikróað hátt uppi í Andesfjöllum, þarf að gera leita allra leiða til að lifa af eftir að flugvélin þess hrapar. Sagan gerist árið 1972, og liðið er á leið til Chile í keppnisferð, en flugvélin, með 45 manns innanborðs, hrapaði í Andes-fjöllumum.
- 00.15 What Men Want**
- 02.10 Same Kind of Different as Me**
- 04.05 Tónlist**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 Between Us**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.15 Race Across the World**
- 10.15 Út um víðan völl**
- 10.45 The Greatest Dancer**
- 11.55 10 Years Younger in 10 Days**
- 12.40 The Carrie Diaries**
- 13.20 Aðalpersónur**
- 13.45 Ég og 70 mínútur**
- 14.20 BBQ kóngurinn**
- 14.40 First Dates Hote**
- 15.25 Saved by the Bell**
- 15.50 The Goldbergs**
- 16.15 Stóra sviðið**
- 17.05 Rax Augnablik**
- 17.15 The Carrie Diaries**
- 17.55 Bold and the Beautiful**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 19.00 Idol**
- 20.05 America's Got Talent. All Stars** Sigurvegarar, at-riði sem komust í úrslit, netundrin og vinsælustu atriði þáttana mætast nú til að fá úr því skorið hvert er það allra besta.
- 21.30 Boss Level**
- 23.10 The Secrets We Keep**
- 00.45 Savage**
- 02.20 Between Us**
- 03.00 Race Across the World**

Íþróttافرéttir, uppgjör pílunnar og hitað upp fyrir HM

Henry Birgir Gunnarsson, íþróttافرéttastjóri Stöðvar 2 og Vísis, sest í stúdíóið í Íþróttavíkunni með Benna Bó í kvöld ásamt Herði Snævari Jónssyni íþróttافرéttastjóra Torgs. Fáir hafa jafn mikla reynslu og Henry Birgir þegar kemur að stórmótum í handbolta. Saman hita þeir félagar vel upp fyrir komandi HM. Þá verður HM í pílukasti gert upp með Matthíasi Erni.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 blundur
5 samræða
6 í röð
8 hlutskipta
10 tveir eins
11 aftra
12 gamall
13 gagnsær
15 gimsteinn
17 byrjun

LÓÐRÉTT

- 1 sífellt
2 þurfti
3 stafur
4 ríki í afríku
7 lagast
9 dugnaður
12 mögulegt
14 skordýr
16 íþróttafélag

LÁRÉTT. 1 svefn, 5 tal, 6 fj, 8 óhlaða, 10 óð, 11 tef, 12 form, 13 glær, 15 túrkis, 17 start.
LÓÐRÉTT. 1 stöðugt, 2 varð, 3 ell, 4 miger, 7 jafnast, 9 atorka, 12 fær, 14 lús, 16 ír.

Sudoku

4	2				9			
1	3	8		4	7	2		
	7				1		4	
6	4	1				3		
		2						
8				2	5		1	
7	8			1			9	
			9			8		
9		4	8		2		7	

							3	4
7		6				5	1	
					1			7
	5	9	4					1
			9	3		6		
	2							
				9		7	4	2
		5		6		9		
3			8		7			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Heppinn að vera á lífi

Árni Þórður Sigurðarson veiktist alvarlega fyrir rúmu ári síðan. Honum var haldið sofandi í um fimm mánuði og hann lá á sjúkrahúsi í næstum ár. Veikindin höfðu áhrif á alla fjölskylduna og Árni Þórður er heppinn að vera á lífi. Hann og faðir hans Sigurður Ragnarsson, betur þekktur sem Siggi stormur, segja söguna í einlægu viðtali við helgarblað Fréttablaðsins.



Óskir Elsu rætast

Fyrsta kvikmynd leikstjórans Elsu Maríu Jakobsdóttur í fullri lengd er nú sýnd í kvikmyndahúsum. Myndin fjallar á gamansaman hátt um leyndarmál og vináttu. Elsa ræðir myndina og lífið.



Þá og nú

Ætla mætti að nær allt hefði breyst á hálfri öld, sérstaklega eftir allar þær tækni- og samfélagsbyltingar sem orðið hafa á liðnum áratugum. Margt er þó furðulega líkt með Íslandi árið 2023 og 1973.



Í SKJÓLI FYRIR
VEÐRI OG VINDUM
BÍLALÚGURNAR ERU
SVO ÞÆGILEGAR



Bílaapótek

VESTURLANDSVEGI

Opið alla daga

9-22

HÆÐASMÁRA

Opið alla daga

10-23

SUÐURFELLI

Opið virka daga

8.30-20

Opið laugardaga

11-17

LYFJAVAL ER Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Bílaapótek Vesturlandsvegi • Bílaapótek Hæðasmára • Bílaapótek Suðurfelli • Glæsibæ • Urðarhvarfi • Mjódd • Apótek Suðurnesja

Heillaður af bókinni allt frá tólf ára aldri

Kári Emil Helgason þýddi vísindaskáldsöguna *Dúna* eftir Frank Herbert ásamt Dýrleifu Bjarnadóttur. Bókin kom út rétt fyrir jól en um er að ræða fyrstu íslensku þýðinguna á einni þekktustu vísindaskáldsögu allra tíma.

tsh@frettabladid.is

Kári Emil starfar sem hönnuður hjá hljóðbókaframleiðandanum Audible í New York hvar hann hefur verið búsettur í fjórtán ár. *Dúna* (e. *Dune*) eftir Frank Herbert er fyrsta útgefna þýðing Kára en hann kveðst hafa unnið að bókinni með hléum í um það bil sjö ár eða frá 2015. *Dúna* er mest selda vísindaskáldsaga allra tíma og segir frá blóðugri valdabaráttu á eyðimerkurplánetunni Arrakis.

„Þegar ég var tólf ára þá reyndi ég að lesa þessa bók, pabbi átti hana. Mér gekk ekkert sérlega vel að lesa hana en ég var samt bara einhvern veginn heillaður af bókinni og ég held að hugmyndin hafi kviknað þá að þýða hana af því hún var ekki til á íslensku. Þetta var svona hugmynd sem ég einhvern veginn hafði alltaf, að það þyrfti að þýða þessa bók. Svo liðu árin og ég byrjaði í rauninni fyrir alvöru af hálfgerðri rælni þegar ég var atvinnulaus 2015 og þurfti að gera eitthvað,“ segir Kári.

Átti að koma út 2020

Eins og áður sagði varð Kári heillaður af söguheimi *Dúna* frá unga aldri. Frank Herbert skrifaði sex bækur í seríunni en eftir að Frank lést 1986 héldu sonur hans Brian Herbert og Kevin J. Anderson seríunni áfram og hefur síðan komið út fjöldi framhaldsbóka.

„Ég hef reyndar bara lesið bækurnar eftir Frank Herbert, sem eru fyrstu sex bækurnar, ég hef ekki enn farið út í að lesa bækurnar sem sonur hans, Brian Herbert, og Kevin J. Anderson hafa skrifað,“ segir Kári.

Dúna átti upphaflega að koma út hjá útgáfunni Partusi 2020 en vegna þess hversu umfangsmikið verkefnið var tafðist útgáfan til 2022. Meðþýðandi bókariðinn er Dýrleif Bjarnadóttir sem kom upphaflega að verkinu sem ritsgjafi en endaði á að þýða bókina með Kára og segir hann samstarfið hafa verið gjöfult.

Þurftu að búa til orð

Kári segir það vera áhugavert í menningarlegu samhengi hversu fáar vísindaskáldsögur hafa verið skrifaðar á íslensku. Auk þess áttaði hann sig snemma á því að það



Kári Emil vann að þýðingu *Dúna* í um sjö ár með hléum, eða frá 2015 til 2022.

MYND/BRADLEY EBERTS

skap um fólk frá öðrum plánetum. Það er ekkert sambærilegt orð til á íslensku þannig við þuggum til orðið „erhnettur“ samanber erlendum, og að „vera erhnettis“. Það eru alls konar svona hlutir sem við þurftum aðeins að finna út,“ segir hann.

Hvímleitt að vísa til vatns

Af hverju ákváðuð þið að þýða titilinn Dune sem Dúna?

„Þetta var mjög flókin ákvörðun en á endanum þá fannst mér margt mæla með henni. Þýðingin þurfti að gera þrennt: sem titillinn á bókinni, sem orð yfir hugtakið sandöldu og sem gælunafn á plánetunni Arrakis. Hin almennu orð sem við þekkjum yfir þetta á íslensku eru sandalda eða sandskafl en á plánetunni Arrakis er ekkert vatn og það var hvímleitt að fólk sem býr á vatnslausri plánetu þyrfti að nota orð sem vísar í vatn til að lýsa svona grundvallarþætti í landslagi sínu. Alda og skafl eru bæði að rötinni til orð sem lýsa vatni eða ís.“

”

Þegar ég var tólf ára þá reyndi ég að lesa þessa bók, pabbi átti hana. Mér gekk ekkert sérlega vel að lesa hana en ég var samt bara einhvern veginn heillaður af bókinni.

Kári segist hafa leitað leiða til að nota eitthvert annað orð yfir sandöldu sem vísaði ekki til vatns og ákváðu þau Dýrleif að fara þá leið að þýða orðið *dune* sem *dúna*.

„Orðið *Dúna* er til í næstum öllum evrópskum málum og ég lít svo á að af því þetta fyrirbæri er ekki til á Íslandi hafi orðið bara glatast í forn málinu við landnám af því það voru engar dúnur til að lýsa á Íslandi. En við finnum orðið um alla álfuna, það er frum-indó-evrópskt að uppruna, þannig að ég lít bara á þetta sem endurvakningu á fornu orði,“ segir hann.

Dúna hefur notið fádæma vinsælda allt frá því hún kom fyrst út 1965. Bókin hefur verið kvikmynduð nokkrum sinnum og nú síðast kom út kvikmynd í leikstjórn Denis Villeneuve 2021. Spurður um hvort komi til greina að þýða hinar fimm bækurnar í upprunalegri bókarið Franks Herbert segir Kári:

„Já, það kemur alveg til greina ef áhuginn er til staðar. Ég held að við séum alveg opin fyrir því.“ ■

Will Owen sýnir í Kompunni á Siglufirði

tsh@frettabladid.is

Í dag, 6. janúar, opnar listamaðurinn Will Owen sýningu í Kompunni í Alþýðuhúsinu á Siglufirði.

Will Owen er listamaður frá Filadelfíu í Bandaríkjunum. Á sýningunni kynnir hann röð af viðgerðum eða viðhaldsverkum sem glíma við siðferði og siðfræði samtímans. Með því að nota efni við og tjáningarmiðla af margvíslegu tagi, meðal annars keramik, skúlptúra, hefðbundar aðferðir til að hnýta flugur, auk málverka, veltir Will upp ýmsum spurningum á borð við:

„Hvernig erum við ábyrg gagnvart sálrænum áföllum? Gagnvart efnislegri neyslu? Gagnvart öðrum dýrategundum sem og okkar eigin? Hvernig búum við til hluti sem

rotna vel? Hvernig varðveitum við hluti þegar þeir hrörna og brotna niður? Er hægt að nota sveppi og eiginleika þeirra til að draga eiturefni úr jarðvegi og nota sem glerung á leirmuni? Breyta sálræn áföll upplifun okkur á öðrum?“

Á sýningunni í Kompunni byggir Will Owen á útskriftarsýningu sinni frá UPenn í Filadelfíu, hvaðan hann útskrifaðist með meistara-gráðu í myndlist. Á þeirri sýningu velti hann upp svipuðum siðferðilegum spurningum og gerði sér mat úr hefðbundnum handíðum Appalachiafjalla, vísunum í íþróttir, lífræðitilraunir og matvæli, allt efni sem kallast á við brýnustu mál samtímans.

„Það er engar lausnir að finna á þessari sýningu, né heldur síðavendni, heldur bara tilraunir og



Verk eftir bandaríska listamanninn Will Owen.

MYND/ADSEND

»

Á sýningu Will Owen kynnir hann röð af viðgerðum eða viðhaldsverkum sem glíma við siðferði og siðfræði samtímans.

sjónrænar tillögur,“ segir í tilkynningu frá Alþýðuhúsinu.

Opnunin fer fram í Alþýðuhúsinu á Siglufirði á milli klukkan 16.30 og 18.00 og verður boðið upp á dumplinga. Sýningin stendur út janúar og er opin þegar skilti er úti. ■

Lífið í nýrri mynd, nú með hljóði



Beltone **Imagine**™ – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Hetjuheppnin er ekki öllum gefin

Ofurhetjuleikarinn Jeremy Renner virðist góðu heilli ætla að sleppa með skrekkinn frá lífshættulegu slysi við snjóruðning. Saga Hollywood geymir þó því miður mörg átakanleg dæmi um að frægð og frami eru ekki öruggari slysa- og liftryggingar en þær sem sauðsvörtum almúganum standa til boða.

toti@frettabladid.is

Leikarinn Jeremy Renner státar af tveimur Óskarsverðlaunatilnefningum, fyrir The Hurt Locker og The Town, en hefur í seinni tíð verið frekastur til fjörsins í Marvelkvikmyndaheiminum sem bogfimi-hefnandinn Hawkeye. Þá hefur hann komist í hann krappan í The Bourne Legacy og ýmsum hasaröðrum þar sem persónur og leikendur hafa tilhneigingu til að sleppa lygilega vel úr bráðum lífsháská.

Ofurhetjuheppnin var greinilega með hinum 51 árs gamla Renner á fyrsta degi ársins þegar hann var að ryðja heimkeyrsluna með tæplega 7 tonna snjóplóg þegar ekki vildi betur til en svo að hann varð undir tækinu sem gerði honum lífshættulega áverka á bringu og fæti auk þess sem hann missti mikið blóð.

Hann er meðal annars talinn eiga líf sitt að þakka skjótum og réttum viðbrögðum nágranna sem hlúðu að honum þar til þyrta flutti hann á gjörgæslu. Hann liggur enn á sjúkrahúsi en virðist allur vera að koma til og það lofar góðu að hann hefur sýnt ágætis lífsmörk á Instagram. ■



Hawkeye sleppur oft naumlega og heppni hans elti Renner yfir í raunveruleikann. MYND/INSTAGRAM



Jayne Mansfield (1933–1967)

Leikkonan, ljóshærða þökkagýðjan og Hollywood-goðsögnin Jayne Mansfield lést samstundis þegar hún var farþegi í bíl sem ók aftan á truck á Route 90 austur af New Orleans í Louisiana.

Bílstjórinn Ronald B. Harrison og Samuel S. Brody, lögmaður Mansfield og unnusti, létust einnig í slyinu. Börnin hennar þrjú; Mickey, átta ára, Zoltan, sex ára, og þrígga ára dóttirin Mariska, sem voru sofandi í aftursætinu, slósuðust en lifðu slysið af. Mariska lagði leiklistina síðar fyrir sig og á að baki glæstan 24 ára feril sem kynferðisbrotalöggan Olivia Benson í Law&Order: SVU. Þættirnir eru þeir langlífustu í bandarískri sjónvarpssögu en úthald þeirra er ekki síst þakkað Marisku og vinsældum hennar í aðalhlutverkinu.



Anton Yelchin (1989–2016)

Leikarinn Anton Yelchin fæddist í Sovétríkjunum en fluttist sex mánaða gamall til Bandaríkjanna þar sem hann hóf leikferilinn sem barnastjarna. Hann var á góðri siglingu og naut ekki síst vinsælda sem Chekov í endurræstum Star Trek-myndaflokknum.

Yelchin var aðeins 27 ára þegar vinir hans komu að honum látnum þar sem hann var kraminn milli Grand Cherokee-bifreiðar sinnar og öryggisgirðingar heimilis hans í Los Angeles.

Talið er að átakanlega einkennilegt banaslysið hafið orðið þegar Yelchin fór út úr bílnum til þess að kanna læsingu hliðsins og sækja póstinn en bílinn hafi þá runnið á eftir honum með þessum hörmulegu afleiðingum.



Paul Walker (1973–2013)

Svo kaldhæðnislega vill til að þegar leikarinn Paul Walker lést, aðeins fertugur að aldri, í bílslysi á hraðskreiðri Porsche-bifreið, hafði hann fest sig rækilega í sessi sem einn aðalleikarinn í fáránlega vinsælum og endingargóðum hasarmyndabálkinum sem kenndur er við Fast and the Furious.

Walker var farþegi en vinur hans og reyndur ökuþór, Roger Rodas, var undir stýri þegar hann missti einhverra hluta vegna stjórn á Porsche Carrera GT bifreiðinni sem hafnaði á tré. Við áreksturinn kviknaði í bílnum og vinirnir létust báðir.

James Dean (1931–1955)

Leikarinn James Dean var aðeins 24 ára þegar hann lést í bílslysi 30. september 1955 þegar nýi Porsche Spyder sportbíllinn hans lenti í árekstri við Ford Tudor fólksbíl á gatnamótum. East of Eden hafði þá þegar verið frumsýnd en hinar myndirnar tvær

sem gerðu hann að stórstjörnu, Rebel Without a Cause og Giant, voru frumsýndar að honum látnum. Bílslysið batt snöggan enda á það sem hefði getað orðið enn glæsilegri leikferill en gerði hann um leið að goðsögn: „Too Fast to Live, Too Young to Die.“

Anne Heche (1969–2022)

Leikkonan Anne Heche var 53 ára þegar hún lést 14. ágúst á síðasta ári eftir að hafa verið haldið sofandi í öndunarvél eftir að hún ók á hús með skelfilegum afleiðingum.

Lítið hafði sést til Heche, sem var lengi í sambandi með Ellen DeGeneres, í seinni tíð en hún lék meðal annars í myndunum Donnie Brasco, Six Days, Seven Nights og Wag the Dog.

Heche ók bíl sínum á hús í Los Angeles þannig að það kviknaði bæði í því og bíl leikkonunnar. Aðstæður á slyssstað voru því með versta móti og það tók 45 mínútur að ná Heche úr brennandi flakinu. Áverkar hennar voru það miklir að lífslíkur hennar voru litlar sem engar og hún lést nokkrum dögum síðar af völdum reykeitrunar og brunasára án þess að komast til meðvítundar.



Harrison Ford með Heche í Six Days, Seven Nights en heppinn hefur hann lifað nokkur misalvarleg flugslys.

Sveinn rukkar ekki nema húmorinn virki

toti@frettabladid.is

Sveinn Waage, markaðsstjóri og fyrirlesari, hefur slegið hressilega í gegn með fagnaðarerindi sitt um mikilvægi húmors fyrir heilsuna, atvinnulífið og tilveruna alla í fyrirlesttrinum Húmor virkar.

„Húmor er auðvitað alls konar og ég æpi yfir einhverju sem öðrum finnst ófyndið,“ segir Sveinn. „En þessi yfirferð yfir virkni húmors í sínum fjölbreyttu myndum virðist alla vega virka. Boðskapurinn er svo dásamlegur.“

Sveinn bendir á að á milli þess



Sveinn Waage, markaðsstjóri og fyrirlesari

sem hann steig fyrst fram í janúar í fyrra á Læknadögum í Hörpu og Heilsuþingi heilbrigðisráðuneytisins í nóvember hafi áhuginn og eftirspurnin verið ævintýri líkust.

Hann segir fyrirsprurnir og bókarnir fyrir þetta ár benda til þess að

hann muni hafa enn meira að gera 2023. Þá séu ýmis sér- og samstarfsverkefni í undirbúningi en sem fyrr verði fyrirlesturinn hryggjarkykkið.

„Hann er uppfærður reglulega en alltaf með sama fallega og mikilvæga boðskapinn um magnaða virkni byggðum á akademískum grunni, reynslu og dásamlegum dæmum sem hreyfa við öllum.“



Sveinn bætir við að meðbyrinn sé slíkur að hann heiti því að rukka ekki fyrir fyrirlesturinn ef svo ólíklega vilji til að húmorinn virki ekki. „Kannski er gamli

markaðsmaðurinn að laumast að með þetta skilyrði um að ekkert verði greitt fyrir enga ánægju,“ segir Sveinn og er, aldrei þessu vant, ekki að grínast. „Við munum

samt standa við þetta ef til þess kemur enda er ekkert eins ömurlegt og að rukka fyrir fyrirlestur eða hvaða gígg sem er ef það virkar ekki.“

Aðspurður segist Sveinn ekki hafa miklar áhyggjur af því að fólk muni gera sér upp óánægju til þess að fá fyrirlesturinn ókeypis. „En ef það er planað að sitja yfir heilum fyrirlestri og hafa ekki gaman þá nýstist það klárlega sem efni í fyrirlesturinn,“ segir Sveinn og hlær áður en hann laumar að netfanginu humorvirkar@gmail.com fyrir þá sem vilja láta reyna á þetta tilboð hans. ■



**FRÉTTA
VAKTIN**

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Handtýnd
Íslensk Hvönn

Sykurlaust og vegan
heilsunammi



SAGA
NATURA

Þín heilsa skiptir okkur máli

Við hjá Matarfíknimiðstöðinni
þökkum skjólstæðingum
okkar fyrir frábært ár 2022!

Næstu námskeið hefjast
4. febrúar 2023.

Hér er það sem skjólstæðingar okkar
höfðu að segja:

✓ "Eftir mörg ár að kljást við vigtina, stjórnlause átröskun og prófað marga megrunarkúra, hefur MFM kennt mér skýrar leikreglur sem hafa frelsað mig frá þessari veikni. Í dag er ég að léttast bæði líkamlega og andlega og með þessu áframhaldi sé ég fram á að verða stoltur á ströndinni þar að ofan. - 30 ára karlmaður, búsettur í Reykjavík, 103 daga í fráhaldi".

✓ "Ég fór inni meðferðina með það hugarfar að laga þráhyggjuna í höfðinu. Ég gerði mér grein fyrir að það var eitthvað að, en ekki nákvæmlega hvað. Fagaðilarnir voru mjög fljót að spotta hvað það var. Prógrammið er sett mjög vel upp með fræðslu og farið mjög vel í hvernig maður vinnur verkefni. Það er lögd áhersla á mataræði, en við erum ekki í megrun og ekki lögd áhersla á kg. Því þegar andlega hlíðin verður betri þá smellur þetta allt saman og maður verður sáttari við sjálfan sig. Það er svo frelsandi að vinna þessi spor, þau hafa lyft þungu hlassi af bakinu á mér dag eftir dag. Ég sé fram á léttara líf í framtíðinni." 30 ára kona, búsett erlendis. Ár í fráhaldi".

MATARFÍKNIMIÐSTÖÐIN
WWW.MATARFIKN.IS



FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING

á Hringbraut





Ásta Dis telur það geta orðið fólki í fátækt erfitt að biða til næsta dags eftir dósapeningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Erfitt fyrir fátækt fólk að fá ekki dósapeninginn strax

Endurvinnslan leggur ekki lengur afrakstur dósasöfnunar beint og samstundis inn á greiðslukort. Pepp, grasrótarsamtök fólks í fátækt, telja þetta koma illa við þau sem minnst hafa milli handanna og hafa dósir og flöskur sem einhvers konar neyðarsjóð.

toti@frettabladid.is

Endurvinnslan leggur ekki lengur skilagjald af flöskum og dósam samstundis og milliliðalaust inn á greiðslukort og upphæðin skilar sér nú næsta virka dag í gegnum snjallforrit.

„Þótt þetta sé bara sólarhringur sem tekur peninginn að skila sér til fólks þá getur það verið mjög óheppilegt ef þú ert á þeim stað að vera búin að safna flöskum til að bjarga þér með einhverjar nauðpurftir,“ segir Ásta Dis Skjalddal, samhfæingarstjóri Pepps, grasrótarsamtök fólks í fátækt og félagslegri einangrun, um áhyggjur þeirra af því að breytingin muni koma illa við þau sem síst skyldi.

Fjallabaksleið að neyðarsjóði
Ásta Dis segir vel þekkt að margir treysti á flösku- og dósasöfnun sem ákveðinn neyðarsjóð sem oftast en ekki er gripið til þegar bjarga þarf nauðsynjum; mat, mjólk, bleyjum og öðru sem þarf að kaupa samdægurs.

Greiðslukerfi lokað

Endurvinnslan harmar á heimasiðu sinni að þurfa að loka gamla kortagreiðslukerfinu á flöskumóttöku-stöðvum sínum vegna breytinga á grunnkerfum kortafærslna.

Í stað kortagreiðslukassa er viðskiptavinum boðið upp á að sækja smáforrit í snjallsíma og fá skilagjaldið greitt með því.

Fyrst um sinn er millifært á reikninga næsta virka dag en vonir standa til að hægt verði að stytta útgreiðslutímann niður fyrir klukkustund á næstu mánuðum.

„Það voru nokkur atriði sem komu upp þegar við ræddum þetta og eitt var hversu algengt það er að fólk með flöskupoka fái ekki að fara með þá í strætó,“ segir Ásta Dis og víkur að eina staðnum til að fá greiðsluna samdægurs, hjá gjaldkera Endurvinnslunnar í Knarrarvogi. „En ef þú ert ekki bílandi og átt ekki heima í nágrenni við Knarrarvögin þá kemstu ekkert með pokana þína í strætó til þess að fara þangað til þess að fá peninginn strax.“

Alltaf út undan
Ásta Dis minnir síðan á nýlega

Pepp Ísland

Pepp Ísland, grasrót fólks í fátækt, er grasrótarstarf EAPN á Íslandi og er öllum opið sem hafa reynslu af fátækt og félagslegri einangrun og vilja taka þátt í öflugu starfi til að breyta aðstæðum fólks sem býr við fátækt og viðhorfum samfélagsins til þess.

andstöðu ráðuneyta fjármála og umhverfis við tveggja króna hækkun skilagjalds vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa á verðbólguþróun.

„Maður fylgist með umræðunni og heyrir alltaf um þau sem hafa það þökkalegt og betra en í alvöru umræðu er aldrei horft til þess að hérna er hópur sem kemur einhvern veginn alltaf út úr þessu á skjön við hina,“ segir Ásta Dis.

„Þess vegna er svo ofsalega sárt þegar ráðamenn tala yfir þjóðinni um hitt og þetta meðaltalið og að allt sé svo gott. Vegna þess að það eru ákveðnir hópar í samfélaginu sem hafa það virkilega gott en svo er það hópurinn sem fær aldrei að vera með þegar þjóðin er ávörpuð.

Það er svo erfitt fyrir sjálfsmatið, sem er lágt fyrir, að fá alltaf þessa umræðu þar sem þú ert ekki talinn með og ekki þess virði að vera nefndur í sömu andrá og aðrir þjóðfélagsþegar.“ ■

Sérfræðingurinn

Einmenningskjördæmi rökrétt

Telur þú mikilvægt að ráðast í breytingar á kjördæma-kerfinu?



Hannes Hólmsteinn Gissurarson
prófessor í stjórnmálafræði

„Ég er að visu alls ekki með sömu nálgun og Ólafur, og það er líklega vegna þess, að við beitum ólíkum lýðræðishugtökum,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson um þau orð kollega

sins, Ólafs Þ. Harðarsonar, prófessors emeritus, í fréttum RÚV fyrr í vikunni, að mikilvægt sé að breyta kjördæmakerfinu ekki seinna en strax.

„Hann vill að Alþingi endurspegli sem best úrslit kosninga, almanna-viljann. Þetta er lýðræðishugtak Rousseaus. Ég tel hins vegar, að mestu máli skipti stöðugleiki og festa í stjórnarfari,“ heldur Hannes áfram en Ólafur benti á að ríkisstjórnin væri, í krafti kjördæmaskipunar, með 30 þingmenn í stað 29 þar sem Vinstri græn fengju inn þingmann á landsbyggðinni á

kostnað þingmanns Viðreisnar.

„Min hugmynd um lýðræði er, að það sé friðsamleg aðferð til að skipta um valdhafa, þegar við erum óánægð með þá. Þetta er lýðræðishugtak Schumpeters og Poppers. Þess vegna væru einmenningskjördæmi í rauninni rökréttust,“ heldur Hannes áfram og vísar til Bretlands.

„Þá yrði væntanlega til tveggja flokka kerfi, tveir skýrir kostir að velja um. Núna vita kjósendur mjög lítið um, hvaða kött þeir kaupa í sekknum, þegar þeir ganga inn í kjörklefann.“ ■

SR3

**STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
30 ÁRA**

GEULLÖLD SVEIFLUNNAR

**PÁLL ÓSKAR
REBEKKA BLÖNDAL – MARÍNA ÓSK**

Glæsilegustu nýárstónleikar ársins!

Sívinsælir sveiflutónleikar Stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930-50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Páll Óskar, Rebekka Blöndal og Marína Ósk**.

Stjórnandi & kynnr: Sigurður Flosason

- **8. JANÚAR**
- **KL. 20.00**
- **ELDBORG**

Miðasala á **HARPA.IS** og **TIX.IS**

Bakþankar



Jóhanna Vigdísar
Guðmundsdóttir

Lifa og njóta

Nýju ári fylgja ný markmið. Oftast. Fjöldi landsmanna heitir því að verða mjórrí, ríkari, sætari, hlaupa lengra eða ferðast meira. Lifa til fulls. Verða besta útgáfan af sjálfum sér. Það er reyndar fáheyrt áramótaheit að verða versta mögulega útgáfan af sjálfum sér, kannski sem betur fer.

Markmið nýs árs snúa oft að ytra byrði manneskjunnar. Útliti, líkamsþyngd, getunni til að kaupa hluti og upplifanir sem verðskulda góðan póst á Instagram. Enda hendir kona í feita stöðufærslu taki hún upp á ferðalögum á framandi slóðir, svo ég tali nú ekki um hlaup, allt um eða yfir 10 kílómetra verðugt birt-ingarefni! Því er þó ekki að neita að bestu útgáfunar, ofurfólkið sem hleypur maraþon í dögun og fastar meginhluta sólarhringsins, á aðdaun okkar skilið. Afköst og árangur. Brjálað að gera og allir sætir og mjóir. Samt verið að #lifaognjóta.

En af hverju erum við ekki nógu góð? Hvað þarf að sanna, fyrir hverjum og hvers vegna? Mæli-kvarði verðleika þjóðarinnar hefur löngum falist í dugnaði. Er ekki brjálað að gera? Jú! Gott að heyra!

Fólk sem hefur ekki brjálað að gera er líklega húðlatt og stærri synd er vart hægt að fremja. Við metum verðleika okkar og stundum tilverurét út frá títt-nefndum en misskildum dugnaði.

Mín (ég viðurkenni, írónisku) áramótaheit eru þess vegna að vera duglegri í ræktinni, taka gönguskíðin alla leið, hlaupa nátt-úruhlaup, hætta að borða brauð, drekka bara gulrótar- og sellerís-safa fyrir hádegi og lesa 52 bækur. Svo dugleg að #lifaognjóta! ■

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Þrettándasala



Þrettándasalan er opin í dag um allt land. Okkar styrkur skiptir máli!

flugeldar.is